# FRÉTTABLAÐIÐ

50. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 28. FEBRÚAR 2019


## Sveitarfélögin lækki skatta

**KJARAMÁL** Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vill að ríkið greini frá því á launaseðlum hvernig tekjuskattur skiptist milli þess og sveitarfélaga. Þegar komi að skattatillögum í tengslum við kjarasamninga sé ekki bara hægt að horfa á ríkið. Bæjarstjórar Kópavogs og Akureyrar telja svigrúm sveitarfélaga lítið til skattalækkana.



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Áslaug hyggst ásamt samflokksmönnum leggja fram þingsályktunartillögu um breytingar á framsetningu launaseðla ríkisins. Tillagan gerir ráð fyrir því að einnig verði tilgreind sú fjárhæð sem launagreiðandi greiðir í tryggingagjald og önnur launatengd gjöld.

Hún tekur dæmi um einstakling með 500 þúsund krónur í mánaðarlaun sem greiðir um 49.300 krónur í tekjuskatt að frádregnum persónuafslætti en tæpar 67.900 krónur í útsvar. Einstaklingur með 300 þúsund á mánuði greiðir miðað við núverandi álagningu um sjö þúsund í tekjuskatt en um 40.700 krónur í útsvar. **– sar / sjá síðu 4**



## Black Eyed Peas á Secret Solstice

**LÍFIÐ** Hljómsveitin Black Eyed Peas verður á Secret Solstice tónlistarhátíðinni í júní með 35 manna fylgdarlið. „Það hefur verið draumur hjá mér frá því ég var lítill polli að flytja inn Black Eyed Peas. Þetta er ein allra stærsta hljómsveit seinni ára,“ segir Víkingur Heiðar Arnórsson, sem flytur sveitina inn sem er þekkt fyrir lög eins og I Gotta Feeling, Let's Get Retarded og fleiri. **– be / sjá síðu 36**

# Raddir barna heyrist

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur fyrir sex árum hér á landi en hefur enn ekki verið innleiddur. Mikilvægt er að Ísland fylgi verkefninu eftir. Sérstakt barnaþing verður haldið í fyrsta sinn á þessu ári og mun ráðgjafarhópur barna starfa náið með umboðsmanni barna

→ 12, 14

**Mælikvarði á uppfyllt skilyrði Barnasáttmálans**



■ Lönd sem ekki hafa skrifað undir sáttmálann eða fullnægjandi gögn liggja ekki fyrir

◀ Lægstu viðmið — Hæstu viðmið ▶



### Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

- Samþykktur af Allsherjarþingi 20. nóvember 1989.
- Staðfestur af 194 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna.
- Sá mannréttindasamningur sem hefur verið staðfestur af flestum þjóðum.
- Fullgiltur hér á landi árið 1992 en lögfestur 2013.
- Felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn séu hópur sem þarfnast sérstakrar verndar umfram fullorðna einstaklinga.
- Kveður á um vernd tiltekinna grundvallarmannréttinda barna, rétt til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, skoðanafrelsis, tjáningarfrelsis og trúfrelsis.
- Viðurkenning á því að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi og að þau eigi sín eigin réttindi, óháð réttindum fullorðinna.
- Bandaríkin eru eina ríkið sem hefur ekki undirritað samninginn.



## Grasrótin í Framsókn er óttaslegin vegna kjöts

**LANDBÚNAÐARMÁL** Mikil óánægja er innan grasrótar Framsóknarflokksins með frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar landbúnaðarráðherra sem heimilar meðal annars innflutning á hráu kjöti.

Viðmælendur blaðsins úr röðum flokksins telja óhugsandi að frumvarpsdrögin verði samþykkt óbreytt. Þeir Framsóknarmenn sem Fréttablaðið ræddi við voru sammála um að frumvarpsdrögin gengju of langt, ótækt væri að leyfa innflutning á hráu kjöti og að flokksforystan hlyti að koma í veg fyrir það. Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, formaður Sambands ungra framsóknarmanna, segir að hún skynji hræðslu. „Þetta frumvarp hræðir fólk einfaldlega.“

Heimildir herma að málið gæti reynst Sigurði Inga Jóhannssyni, formanni Framsóknar, erfitt í ljósi þess að tíð sinni sem landbúnaðarráðherra skrifaði hann undir samning við ESB um lækkun tolla á búvörur og aukna innflutningskvóta. **– ab / sjá síðu 6**



Sigurður Ingi Jóhannsson.





HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM

MIKIÐ ÚRVAL

VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

## Veður




Suðaustan 8-15 sunnan og vestan til en mun hægari vindur norðan og austan til. Víða rigning um landið sunnan- og suðaustanvert, en annars skýjað með köflum. Hiti 0 til 8 stig, mildast syðst og næturfrost í öllum landshlutum. SJÁ SÍÐU 38

# Stöðvuðu framkvæmdir í Urriðaholti

**EFTIRLIT** Vinnueftirlitið stöðvaði framkvæmdir í Urriðaholti eftir að í ljós kom að starfsmaður á krana var ekki með réttindi, þar að auki var aðbúnaður og öryggi starfsmanna ekki í samræmi við lög og reglur. Um er að ræða þriggja hæða raðhús á Hraungötu sem er á vegum U2-bygg ehf.

Fram kemur í skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins frá því í síðustu viku að fallvörnum á verkpöllum sé ábótavant og óvarin bendiljárn fyrir neðan. Byggingarframkvæmdin var ekki tilkynnt og starfsmenn ekki með fullnægjandi salernisaðstöðu. Öll vinna er bönnuð á verkstað þangað til búið er að bæta úr. **– ab**

# 19 klukkustunda umræðum lauk í gærkvöldi



**Þreytu var farið að gæta meðal þingmanna eftir maraþonumræðu í þinginu um frumvarp um aflandskrónulosun. Umræður hófust í fyrradag og tóku yfir 19 klukkustundir. Miðflokksmenn segja að eftirgjöf með samþykkt frumvarpsins gæti hlaupið á tugum milljarða.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Vonarstræti 4 stendur gegnt Iðnó.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hækka hús á Vonarstræti

**SKIPULAGSMÁL** Íslandshótel hafa fengið heimild borgaryfirvalda til að auglýsa deiliskipulagsbreytingu um hækkun á Vonarstræti 4 og sex nýja kvisti á þakhæðinni.

Vonarstræti 4, sem byggt var á 1925 og 1926 eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar á að tengjast nýrri byggingu Íslandshótela í Lækjargötu 12. Í umsögn Minjastofnunar segir að vel komi til greina að hækka mænishæðina enda sé húsið lágreist í samanburði við önnur verk Guðjóns.

„Stærð og útfærsla kvistanna virðist sannfærandi á teikningu. Þeir draga úr sýnileika þakhækkunar án þess þó að bera húsið ofurliði,“ segir Minjastofnun. Með breytingunni bætast við fjögur hótelherbergi. Frestur til að gera athugasemdir er til 9. apríl. **– gar**




# Ekki sé komið til móts við þarfir allra barna

**Endurgreiðslur vegna gleraugna barna hafa ekki breyst í hálfan annan áratug. Á sama tíma hefur kostnaður við gleraugnakaup hækkað gríðarlega. Félagsmálaráðherra vinnur að breytingum í málefninu og endurskoðun upphæðar.**

**SAMFÉLAG** Foreldrar barna sem þurfa sterk gleraugu til að lifa eðlilegu lífi þurfa oft á tíðum að greiða hátt verð fyrir hjálpartæki fyrir börn sín og fá afar litla aðstoð frá hinu opinbera.

Lára Kristín Jónsdóttir, móðir Úlfars Hólmgeirssonar, segir það skjóta skökku við að greiða háar upphæðir fyrir gleraugu á meðan til dæmis heyrnartæki fyrir börn eru greidd að fullu úr ríkissjóði. Hún segir málið snúast um mannréttindi.

„Úlfar þarf á gleraugum að halda til þess að geta tekið þátt í daglegu lífi. Það eru mannréttindi að börn geti fengið að lifa eðlilegu lífi og fjárhagsleg staða foreldra á ekki að skipta máli þegar kemur að því,“ segir Lára Kristín og heldur áfram.

„Sonur minn er með það slæma sjón að hann getur lítið sem ekkert gert án gleraugna.“

Úlfar stundar sund og eftir að hafa fengið sundgleraugu við hæfi getur hann stundað íþrótt sína af kappi. „En það þýðir líka að við erum að eyða rúmlega eitt hundrað þúsund krónum í gleraugu. Heimilisbókhaldið okkar ræður við þetta,“ segir Lára Kristín, „en efnaminni foreldrar gætu átt í miklum erfiðleikum með að greiða þetta.“

Samkvæmt reglugerð frá árinu 2005 eiga öll börn rétt á gleraugnaendurgreiðslum að átján ára aldri. Í reglugerðinni voru upphæðir ákveðnar og hafa þær ekki tekið breytingum síðan. Á tæpum 15 árum hefur mikið vatn runnið til sjávar og gleraugu hækkað í verði líkt og allt annað hér á landi.

Til stendur innan félagsmálaráðuneytisins að laga þetta.



**Lára Kristín Jónsdóttir og sonur hennar Úlfar Hólmgeirsson sem þarf á sterkum gleraugum að halda til að lifa eðlilegu lífi.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> **Ég mun beita mér fyrir því á næstu vikum og mánuðum að það verði gert og að við leitum leiða til að koma betur til móts við þau börn sem þarna um ræðir**
>
> Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra



**100**

**þúsund krónur kosta gleraugu sem Úlfur gengur með.**

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, segir vinnu í gangi í ráðuneytinu. „Ég held að ástæða sé til að að flýta þeirri vinnu eins og kostur er. Ég mun beita mér fyrir því á næstu vikum og mánuðum að það verði gert og að við leitum leiða til að koma betur til móts við þau börn sem þarna um ræðir,“ segir ráðherrann.

**sveinn@frettabladid.is**




**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Flokksráðsfundur Miðflokksins ekki að beiðni Birgis

**STJÓRNMÁL** „Það er ekki verið að halda flokksráðsfund að beiðni eða skipun Birgis Þórarinssonar, þetta er bara fundur sem alltaf stóð til að halda,“ segir Jón Pétursson, aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Miðflokksins, um fyrirhugaðan flokksráðsfund Miðflokksins.

Í Fréttablaðinu í gær var vísað til beiðni Birgis Þórarinssonar um flokksráðsfund vegna ákveðinnar uppstokkunar sem hann taldi þörf á í þingflokknum í kjölfar Klausturmálsins svokallaða og fundurinn hafi verið boðaður að hans beiðni. Jón segir að fundurinn sé ekki boðaður sérstaklega vegna Birgis.

„Flokksráð hefur ekkert með störf í þingflokknum að gera, það er þingflokkurinn sem ákveður það,“ segir Jón og vísar til þess að reglum flokksins samkvæmt fundi flokksráðið tvisvar á ári og fyrirhugaður fundur sé ekki aukafundur. Hann segir menn vera eitthvað að ruglast á hlutverki flokksráðsfundar og landsþingi þar sem kjör formanns og varaformanns fer fram. Á flokksráðsfundi hittist trúnaðarmenn og flokksráðsfulltrúar.

Jón segir dagsetningu flokksráðsfundar enn ekki fastráðna en hann fari fram í kringum næstu mánaðamót, á höfuðborgarsvæðinu. Sér vitanlega hafi ekki verið rætt um óskir Birgis um uppstokkun á vettvangi þingflokksins. Hann lætur þess þó getið að staðan hafi breyst enda þingmannafjöldinn farinn úr sjö í níu. **– aá**



Flokksráðsfundur Miðflokksins er ekki til að stokka upp í þingflokknum.



Stefán varð forstjóri Sýnar 2014.

## Stefán lætur af störfum hjá Sýn

**VIÐSKIPTI** Stefán Sigurðsson, forstjóri Sýnar, hefur óskað eftir því að láta af störfum sem forstjóri félagsins. Frá þessu greinir félagið í tilkynningu til Kauphallar Íslands í gærkvöldi.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um ráðningu forstjóra í hans stað en ráðningarferli er hafið. Stefán mun verða stjórninni innan handar þar til nýr forstjóri er ráðinn.

Stjórn félagsins hefur falið Heiðari Guðjónssyni stjórnarformanni að annast í auknum mæli skipulag félagsins og gæta þess að rekstur þess sé í réttu og góðu horfi fram að ráðningu nýs forstjóra.

Árið 2018 reyndist félaginu erfitt en það sendi frá sér tvær afkomuviðvaranir í fyrra og hríðféll í verðmati, um 41 prósent á tímabilinu mars og þar til nú í janúar.

Stefán lætur af störfum 1. júní næstkomandi. **– dfb**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Áslaug vill að sveitarfélögin hugi líka að skattalækkunum

**Þingmaður Sjálfstæðisflokksins vill að ríkið greini frá því á launaseðlum sínum hvernig tekjuskattur skiptist milli þess og sveitarfélaga. Þegar komi að skattatillögum í tengslum við kjarasamninga sé ekki bara hægt að horfa á ríkið. Bæjarstjórar Kópavogs og Akureyrar telja svigrúm sveitarfélaga lítið.**

**KJARAMÁL** „Við viljum auka gagnsæi í skattheimtunni og þekkinguna á því hvað fer til sveitarfélaganna og hvað fer til ríkisins. Það getur ekki annað en hjálpað umræðunni um skatta og gjöld,“ segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Hún hyggst ásamt nokkrum samflokksmönnum sínum leggja fram þingsályktunartillögu um breytingar á framsetningu launaseðla ríkisins.

Gerir tillagan ráð fyrir því að tilgreint verði hvernig tekjuskattur einstaklinga skiptist milli ríkis og sveitarfélaga. Einnig verði tilgreind sú fjárhæð sem launagreiðandi greiðir í tryggingagjald og önnur launatengd gjöld.

Áslaug Arna segir áhugavert að allir launamenn sem hafi undir 745 þúsund krónum í mánaðartekjur borgi stærri hluta tekjuskatts til sveitarfélaga en til ríkisins.

„Á sama tíma og ríkið hefur verið að minnka skattbyrði, fækka skattþrepum og lækka lægsta þrepið eru sveitarfélögin að hækka sitt útsvar,“ segir Áslaug Arna.

Hún segir að þótt verkefni sveitarfélaga séu ærin þurfi að vera krafa á þau að forgangsraða fjármunum í grunnverkefni. Þannig geti þau stefnt að því að lækka skattbyrði á vinnandi fólk sem gæti orðið innlegg í kjaramálin.

„Það er mikilvægt að við komum öll að kjaramálunum. Við viljum öll gera betur við þá sem hafa lægstu launin. Við erum hér að leggja fram skattatillögur en það er ekki bara hægt að horfa á ríkið þegar kemur að því að bæta lífskjör fólks.“



Í Kópavogi er útsvarið ekki í botni. Það er hins vegar staðan í 55 sveitarfélögum af 72. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Þar séu margir þættir sem snúi að sveitarfélögum, ekki síst húsnæðismálin og gjaldskrár sveitarfélaga.

Samninganefnd Starfsgreinasambandsins sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem skorað er á sveitarfélög að standa undir ábyrgð sinni þegar kemur að kjarasamningum. Þess er krafist að þau haldi aftur af kostnaðarhækkunum og er þar sérstaklega minnst á fasteignaskatta.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, segir að eigi sveitarfélögin að koma að lausn kjarasamninga með skattalækkunum þurfi að svara því hvaða þjónusta verði skorin niður. „Það eru óveðursský á lofti. Samkvæmt fjárhagsáætlun ársins munum við skila 500 milljóna afgangi af rúmlega 32 milljarða veltu. Það sýnir bara að sveitarfélögin eru aðþrengd. Við erum með fáa og takmarkaða tekjustofna. Sveitarfélögin þyrftu líka að fá hlutdeild í einhverjum af hinum fjölmörgu tekjustofnum sem ríkið hefur yfir að ráða.“

Þá bendir hann á að Kópavogur sé ekki með útsvarið í botni og að fasteignaskattar hafi verið lækkaðir sjöunda árið í röð.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, tekur undir með Ármanni. „Það er alls staðar mjög lítið svigrúm. Sveitarfélögum er bara mjög þröngur stakkur sniðinn.“

Kæmi til einhverra aðgerða í tengslum við kjarasamninga yrði það að vera hluti af sameiginlegu útspili sveitarfélaganna. „Við yrðum þá bara að endurskoða okkar verkefni en við erum að einblína á lögbundin verkefni. Útsvarið væri ekki í hámarki nema við þyrftum á því að halda.“

Fréttablaðið reyndi að fá viðbrögð Dags B. Eggertssonar borgarstjóra en ekki náðist í hann við vinnslu fréttarinnar.
**sighvatur@frettabladid.is**




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP. Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

GILDIR TIL 04.03.19

# TAX FREE




# AF ÖLLUM VÖRUM

# Í ÖLLUM BÚÐUM

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

ERUM Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - BÍLDSHÖFÐA - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI



## Aðalfundarboð

Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi (LLÍ) verður haldinn að Hótel Sögu fundarsal Kötlu II, þann 14. mars og hefst klukkan 14:00.

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Málþing hefst að aðalfundi loknum, um kl. 15:00

**Efni:** Hver á Ísland?

**Frummælendur á málþingi:**

- Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytis.
- Sigurður Jónsson, hrl. stjórnarmaður í LLÍ.
- Magnús Leópoldsson, fasteignasali

Fundurinn er öllum opinn og bæði félagar í LLÍ og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta.

*Fyrir hönd stjórnar LLÍ*
*Óskar Magnússon*

KVIKA

## FUNDARBOÐ

Aðalfundur Kviku banka hf., kt. 540502-2930, verður haldinn fimmtudaginn 14. mars 2019, kl. 16:30, á Icelandair hótel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, 101 Reykjavík, í fundarsölum 2 og 3.

**Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi liðir:**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2018 og ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.
3. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
4. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
5. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.
6. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
7. Tillaga um að stjórn verði falið að greina kosti og galla skipunar tilnefningarnefndar.
8. Kosning endurskoðenda félagsins.
9. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
10. Samantekt stjórnar um hlutafjáreign og samstæðutengsl.
11. Önnur mál.

*Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum:*
Meirihluti tillagna stjórnar um breytingar á samþykktum er til kominn vegna fyrirhugaðrar skráningar félagsins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Tilkynnt hefur verið að stjórn félagsins stefni á skráningu þess á Aðalmarkaðinn fyrir lok fyrsta ársfjórðungs 2019 og eru lagðar til breytingar á ákvæðum samþykkta til að endurspegla ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 sem eiga við um félög skráð á skipulegan verðbréfamarkað, einkum 31. gr. (viðmiðunartími arðsréttar), 1. mgr. 80. gr. a (bréfleg eða rafræn atkvæðagreiðsla), 2. mgr. 86. gr. (réttur til að fá mál tekið til meðferðar á hluthafafundi), 1. og 2. mgr. 88. gr. a (fundarboð, tímafrestir), 88. gr. c (fundarboð, efni) og 88. gr. d (upplýsingar fyrir hluthafafund). Jafnframt er lagt til að felld verði út heimild til að gefa út hlutabréf á pappírsformi til hluthafa en hlutir félagsins eru rafrænt skráðir.

Þá leggur stjórn til breytingu á ákvæði síðari málsgreinar gr. 6.1. í samþykktum um skipunartíma endurskoðanda til að endurspegla breytingu á 2. mgr. 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sem tók gildi þann 21. febrúar 2019.

Stjórn leggur einnig til breytingar á bráðabirgðaákvæðum samþykkta um heimild stjórnar til útgáfu og sölu áskriftarréttinda og niðurfellingu eldri heimildar til kaupa á eigin hlutum. Lagt er til að heimild stjórnar í bráðabirgðaákvæði II, til kaupa á eigin hlutum, verði felld út og stjórn verði, með nýju bráðabirgðaákvæði II, veitt heimild til aðalfundar félagsins árið 2020 til útgáfu og sölu áskriftarréttinda að 100.000.000 nýjum hlutum í félaginu. Lagt er til að heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár til að mæta útgefnum áskriftarréttindum í þessum flokki gildi til 14. mars 2024. Jafnframt er lagt til að heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár vegna áskriftarréttinda sem gefin hafa verið út á grundvelli A og B liðar bráðabirgðaákvæðis IV í samþykktum, sem gildir til 14. júlí 2022, verði framlengd til loka árs 2022. Er það til að endurspegla nýtingartíma þegar útgefinna áskriftarréttinda að fullu. Loks er lagt til að hámark útgefinna en ónýttra áskriftarréttinda af heildarhlutafé félagsins, sem kveðið er á um í C lið bráðabirgðaákvæðis IV, verði lækkað úr 33,3% í 30,0%.

Fundarstörf fara fram á íslensku. Fundargögn eru jafnframt á íslensku utan þess að ársreikningur er á ensku.

Þeim sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn ber að tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. fyrir kl. 16:30 laugardaginn 9. mars 2019.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal geta nafns frambjóðanda, kennitölu, heimilisfangs, menntunar, upplýsinga um aðalstarf og starfsferil, hvenær viðkomandi tók fyrst sæti í stjórn félagsins ef við á, önnur trúnaðarstörf (t.a.m. stjórnarstörf í öðrum félögum), hlutafjáreign í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila. Þá skal einnig upplýsa um önnur tengsl við félagið og hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga, einir eða í samstarfi við aðra, meira en 10% hlut í félaginu. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Krafa um hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar munu liggja frammi hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, að Borgartúni 25, 105 Reykjavík, sem og á heimasíðu félagsins, eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Dagskrá, endanlegar tillögur, starfskjarastefna, ársreikningur félagsins og önnur fundargögn munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis 14 dögum fyrir aðalfund. Umrædd gögn, ásamt upplýsingum um frambjóðendur til stjórnar, eru einnig birt á heimasíðu félagsins, www.kvika.is.

Hluthöfum er heimilt að senda umboðsmann sinn á hluthafafundinn og skal umboðsmaður í slíkum tilvikum leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð má leggja fram á fundinum eða senda á skrifstofu bankans fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 16:00 á fundarstað.

*Stjórn Kviku banka hf.*



Frumvarp um innflutning á hráu kjöti er allt hið óþægilegasta fyrir flokksforystu Framsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Óánægja og hræðsla í grasrót Framsóknar

**Framsóknarmenn óánægðir með frumvarp landbúnaðarráðherra um innflutning á hráu kjöti. Framsóknarmenn vilja að flokksforystan hafni því. Formaður Sambands ungra Framsóknarmanna segir fólk hrætt vegna málsins.**

**LANDBÚNAÐARMÁL** Mikil óánægja er í grasrót Framsóknar með væntanlegt frumvarp landbúnaðarráðherra sem heimilar innflutning á hráu kjöti og eggjum til landsins. Viðmælendur blaðsins í grasrót Framsóknar telja óhugsandi að frumvarpsdrögin verði samþykkt í núverandi mynd og hafa flokksmenn litla trú á aðgerðaáætlun stjórnvalda sem ætlað er að tryggja vernd búfjárstofna.

Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra hefur sagt að í ljósi dóma Hæstaréttar og EFTA-dómstólsins séu ekki aðrir kostir í stöðunni. Drög frumvarpsins eru nú í samráðsgátt stjórnvalda og stendur ráðherra fyrir opnum fundum um málið víða um land í næstu viku.

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins og samgönguráðherra, hefur gefið það út að of snemmt sé að segja til um afstöðu flokksins til frumvarpsins. Hann segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að andstaða Framsóknar við óheftan innflutning á hráu kjöti hafi lengi verið ljós. Afstaða flokksins byggi á vísindum og skynsemi. „Fundur sá sem Framsókn hélt í síðustu viku eftir langan undirbúning sýnir glöggt hver stefna okkar er. Við viljum opna augu fólks fyrir þeirri einstöku aðstöðu sem Ísland býr við og standa vörð um heilnæma matvælaframleiðslu á landinu.“

> **Ég segi sem Svarfdælingur, ég vil að okkar svarfdælski ráðherra standi í báðar sínar svarfdælsku lappir í þessu máli.**
>
> Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri í Dalvíkurbyggð



Heimildir blaðsins herma að málið gæti reynst Sigurði Inga erfitt í ljósi þess að í tíð sinni sem landbúnaðarráðherra skrifaði hann undir samning við ESB um lækkun tolla á búvörur og aukna innflutningskvóta. Sagði hann á sínum tíma að aukinn útflutningur þýddi kröfu um aukinn innflutning. Þingmenn Miðflokksins lögðu fram þingsályktunartillögu í fyrra um að segja upp samningnum.

Þeir Framsóknarmenn sem Fréttablaðið ræddi við voru sammála um að frumvarpsdrögin gengju of langt, ótækt væri að leyfa innflutning á hráu kjöti og að flokksforystan hlyti að koma í veg fyrir það. „Við erum nokkuð samstíga í því að það þarf að gera betur en þetta framvarp,“ segir Þórarinn Ingi Pétursson, varaþingmaður flokksins. „Ég vitna í samþykkt frá síðasta flokksþingi þar sem Framsóknarflokkurinn leggst gegn innflutningi á þessum vörum.“

Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, formaður Sambands ungra Framsóknarmanna, segir að hún skynji hræðslu. „Þetta frumvarp hræðir fólk einfaldlega. Fólk vill ekki trúa því að þetta sé að gerast. Það hefur bara sýnt sig að oft þegar það kemur einhver nýr sjúkdómur þá fer hann með hraði yfir landið.“

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri í Dalvíkurbyggð, segir hreinleika landbúnaðarins skipta meira máli en að opna landið fyrir erlendum mörkuðum. Vildi hún svo koma eftirfarandi skilaboðum til Kristjáns Þórs: „Ég segi sem Svarfdælingur, ég vil að okkar svarfdælski ráðherra standi í báðar sínar svarfdælsku lappir í þessu máli.“

**arib@frettabladid.is**

# Nemendur og starfslið í berklapróf

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfsmaður Klettaskóla greindist með berkla. Á morgun er áætlað að allir nemendur og starfslið skólans fari í berklapróf til að kanna hvort þeir hafi smitast. Klettaskóli er sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun og viðbótarfatlanir.

Árni Einarsson skólastjóri segir að þegar svona mál komi upp fari í gang ferli í samstarfi við sóttvarnalækni. „Allir starfsmenn eru með í þessu og sérstaða nemendanna er augljós,“ segir Árni. „Það er enginn ánægður með svona fréttir, en það er ekki talin mikil hætta á smiti í skólanum.“

Starfsmaðurinn sem um ræðir er nú í veikindaleyfi, upp komst um smitið í lok síðustu viku og voru skólastjórnendur látnir vita á þriðjudag. Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir og sviðsstjóri hjá Embætti landlæknis, segir allt gert samkvæmt bókinni. „Ég skil það vel að fólk vilji vita þetta strax og vilji drífa í þessu, en það er ekki verið að missa af neinu. Það er ekki verið að taka neina áhættu eða tefla neinu í tvísýnu.“

> **Það er ekki verið að taka neina áhættu eða tefla neinu í tvísýnu.**
>
> Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir



Þórólfur segir berkla aðeins smitandi á meðan einstaklingurinn sé veikur og þá í gegnum hósta og hnerra. Smit eru greind með húðprófum sem tekur nokkra daga að fá niðurstöður úr. Smitaðir einstaklingar eru meðhöndlaðir með þremur lyfjum í einu sem drepa bakteríuna. Sú meðferð tekur rúmlega hálft ár, viðkomandi smitar ekki á meðan.

Tíðni berkla er mjög lág á Íslandi, rúmlega 10 manns greinast hér á landi á ári. **– ab**

# Extra-Firming
# Frá stinnri húð skín æskuljómi

**CLARINS +**
Stinn húð hefur alltaf verið þungamiðjan í rannsóknum Clarins. Þessar þrjár Extra-Firming vörur eru innblásnar af náttúrunni og innihalda efni úr 18 plöntum sem gefa húðinni stinnandi, endurnýjandi og mýkjandi kraft.




**KRAFTUR KENGÚRU-BLÓMSINS**
Tímamótauppgötvun frá rannsóknarstofum Clarins. Þessi planta hefur ótrúlega endurnýjandi kraft sem endurvekur stinnleika húðarinnar. Kengúrublómin eru lífrænt ræktuð.

**85%**
**KVENNA UPPLIFÐU STINNARI HÚÐ***
*Ánægjupróf – Dagkrem
Allar húðgerðir – 109 konur – 28 dagar.

**NÝTT**
**Extra-Firming Eyes**
Vinnur á öflugan hátt gegn öldrun húðarinnar í kringum augun. Dregur úr fínum línum svo augun fá bjartara yfirbragð.

**NÝTT**
**Extra-Firming Phyto-Serum**
Öflugt plöntu-serum, auðgað með krafti úr hvítri lúpínu, þéttir húðina samstundis svo að hún lyftist, aftur og aftur.

It's all about you.
CLARINS

Clarins fæst ekki í Borgarnesi og á Selfossi.

## 20% afsláttur af öllum Clarins vörum
**Clarins kynningarvika 28. febrúar – 6. mars**
Glæsilegur kaupauki* fylgir þegar keyptar eru Clarins vörur fyrir 7.900 kr. eða meira.
*Á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Meira svona alla daga



Michael Cohen, fyrrverandi lögmaður Trumps. NORDICPHOTOS/AFP

# Cohen sagði Trump rasista og svikahrapp

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti er kynþáttahatari, svikahrappur og svindlari. Þetta fullyrti Michael Cohen, áður lögmaður og „reddari“ forsetans, þegar hann kom fyrir þingnefnd í gær.

Cohen var í desember dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir brot á lögum um fjármögnun kosninga vegna þöggunargreiðslna til meintra hjásvæfa forsetans. Síðan málaferlin hófust hefur hann snúið baki við forsetanum og rætt opinberlega um meinta bresti hans.

Þessar greiðslur voru einnig til umræðu í vitnisburði Cohens. Hann sagði Trump hafa skipað sér að nýta sitt eigið fé til að greiða klámmyndaleikkonunni Stephanie Clifford og fékk svo endurgreiðslu úr persónulegum sjóðum Trumps sjálfs. Þá sagði hann einnig að Trump hafi vitað af meintum samskiptum ráðgjafans Rogers Stone við WikiLeaks, en Stone sætir ákæru fyrir meintar lygar um þau samskipti.

Cohen ræddi um meintan rasisma forsetans. Sagði frá því að Trump hefði spurt sig hvort hann gæti nefnt nokkurt ríki í heiminum undir stjórn blökkumanns sem ekki væri skítapláss, að Trump hefði eitt sinn sagt við akstur í gegnum fátækt hverfi í Chicago að „einungis blökkumenn geti lifað á þennan hátt“ og að svart fólk myndi aldrei kjósa hann því það væri „of heimskt“.

Þá sagði Cohen að Trump hefði ítrekað logið um fyrirhugað fasteignaverkefni í Moskvu í aðdraganda forsetakosninganna, sagt að ekkert slíkt væri í gangi. „Hann laug af því hann bjóst aldrei við því að vinna,“ sagði Cohen. – þea


## Hestamannafélagið Fákur

Hittingur hjá Heldri Fáksfélögum, 60 ára og eldri, verður á morgun föstudaginn 1. mars klukkan 12.00 í salnum á efri hæð TM-Reiðhallarinnar.

**Á boðstólnum verður súpa, brauð og kaffi og er verðið 1.000.- krónur.**



Sérstakur gestur verður ***Þuríður Sigurðardóttir*** myndlistar- og söngkona. Hún mun syngja nokkrar af sínum þekktu perlum, segja sögur og leiða gesti um sýningu á nokkrum verka sinna sem munu prýða salinn.

*www.fakur.is*

**Rauði krossinn**
**Reykjavík–Kvennadeild**

**Aðalfundur**

Kvennadeildar Rauða krossins í Reykjavík 2019 verður haldinn í Setri, Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, **fimmtudaginn 7. mars kl. 18:00.**

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning í stjórn og nefndir.
3. Önnur mál.
4. Kvöldverður.

**Mjög áríðandi að tilkynna þátttöku** í síma 570 4000 eða með tölvupósti: audur@redcross.is í síðasta lagi 2 dögum fyrir fundardag.

***Stjórnin***


# Herþotum grandað

**Pakistanar segjast hafa skotið niður tvær indverskar herflugvélar. Indverjar segja flugvélina hafa verið eina. Áratugalöng deila ríkjanna hefur stigmagnast og valdamestu ríki heims hvetja til stillingar og viðræðna þeirra á milli.**



Pakistanski herinn birti þessa mynd af flugvél sem skotin var niður.

**PAKISTAN** Stjórnvöld í Pakistan sögðust í gær hafa grandað tveimur indverskum herflugvélum og handtekið einn flugmann. Árásin fylgir í kjölfar þess að Indverjar sögðust hafa gert loftárás á þjálfunarbúðir hryðjuverkasamtakanna JeM sem eru í Pakistan. Pakistanar sögðu þá frásögn reyndar skáldskap, til þess gerðan að auka fylgi ríkisstjórnar Narendras Modi í aðdraganda kosninga.

Togstreitan á milli kjarnorkuveldanna tveggja hefur aukist gríðarlega frá því JeM-liði felldi fjörutíu Indverja í Pulwama í indverska hluta Kasmír fyrir tveimur vikum. Indverjar áfellast Pakistana, segja að þeir ættu að hafa upprætt starfsemi JeM fyrir löngu. Síðan þá hafa Indverjar sagst hafa gert fyrrnefnda árás, hermenn skotið hvorir á aðra á hinum eiginlegu landamærum í Kasmír og Pakistanar sagst hafa gert loftárásir á indverska hluta Kasmír.

Rauður þráður í þessu orðaskaki er að annað ríkið fullyrðir eitthvað um árás sem hitt ríkið segir svo ósatt. Pakistanar sögðu Indverja ekki hafa fellt neina í þjálfunarbúðaárásinni, Indverjar segja Pakistana hafa verið hrakta á brott áður en þeir náðu að gera loftárás og segja þá hafa skotið niður eina flugvél, ekki tvær.

„Aðgerðin í dag var gerð í sjálfsvarnarskyni. Við ætlum ekki að lýsa henni sem neins konar sigri. Við völdum skotmark okkar og tryggðum að enginn annar yrði fyrir skaða. Þrátt fyrir mikla hæfni okkar og hernaðarstyrk viljum við sækja í átt að friði,“ sagði Asif Ghafoor, upplýsingafulltrúi pakistanska hersins, um árás gærdagsins.

Imran Khan, forsætisráðherra Pakistans og krikketgoðsögn, sagði pakistönsk stjórnvöld hafa boðið Indverjum aðstoð sína eftir Pulwama-árásina. „Við högnumst ekki á starfsemi hryðjuverkasamtaka innan landamæranna. En ég óttaðist samt á þeim tíma að Indverjar myndu hundsa boðið og grípa til aðgerða […] Þegar Indverjar gerðu árás í gærmorgun ræddi ég við herforingja. Við ákváðum að flýta okkur ekki um of heldur lögðum mat á stöðuna til að forðast mannfall almennra borgara,“ sagði Khan.

> **Þrátt fyrir mikla hæfni okkar og hernaðarstyrk viljum við sækja í átt að friði.**
>
> Asif Ghafoor, upplýsingafulltrúi pakistanska hersins

Indverjar kröfðust þess í gær að Pakistanar leystu herflugmanninn úr haldi í snatri og mótmæltu dreifingu ljósmynda af fanganum. Í yfirlýsingu frá utanríkisráðuneytinu sagði að slíkt væri brot gegn alþjóðalögum og Genfarsáttmálanum.

Undir þetta tók Arup Raha, fyrrverandi hershöfðingi í indverska flughernum. „Við fylgjum alþjóðalögum um stríðsfanga. En andstæðingar okkar fylgja Genfarsáttmálanum ekki alfarið. Ég hélt að þeir myndu ekki sýna slíka heimsku á meðan alþjóðasamfélagið fylgist allt með.“

Rajnath Singh, innanríkisráðherra Indlands, sagði að Pakistanar hefðu um langt skeið reynt að koma á óreiðuástandi á Indlandi. Þeir væru nú að reyna að rægja indversk stjórnvöld.

ESB, Bandaríkin, Kína, Þýskaland og fleiri hafa lýst yfir áhyggjum af togstreitunni á milli kjarnorkuveldanna. Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, lét í sér heyra í gær og kallaði eftir því að bæði ríkin reyndu að forðast frekari stigmögnun. „Við eigum í reglulegu sambandi við bæði ríkin og hvetjum til þess að þau ræðist við,“ sagði May.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Sannfærður um árangur í Hanoi



Donald Trump og Kim Jong-un í Víetnam í gær. NORDICPHOTOS/AFP

**VÍETNAM** Vel fór á með þeim Donald Trump Bandaríkjaforseta og Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, á fyrsta degi leiðtogafundar þeirra í víetnömsku borginni Hanoi í gær. Eftir að hafa sest niður og flutt stuttar yfirlýsingar til fjölmiðla snæddu þeir saman á veitingastað með æðstu ráðgjöfum sínum. Þetta er annar fundur Trumps og Kim en þeir funduðu saman í Singapúr á síðasta ári.

„Þegar ég hugsa til baka þá finnst mér það hafa verið tími þar sem mikillar hugsunar, erfiðis og þrautseigju var þörf. En þrátt fyrir hindranirnar hefur okkur tekist að mæla okkur mót hér á ný. Í þetta skiptið er ég sannfærður um að við munum ná frábærum árangri. Ég mun gera mitt allra besta,“ sagði einræðisherrann.

Trump sagði það heiður að hitta Kim á ný og hamraði á því, samkvæmt Korea Herald, að fyrri fundurinn hefði borið mikinn árangur. Því vonast hann til að þessi verði jafngóður eða betri. „Ég held að ríki þitt standi frammi fyrir miklum efnahagslegum tækifærum, ótrúlegum, takmarkalausum, og ég held að ríki þitt eigi góða framtíð og frábæran leiðtoga,“ sagði Trump.

Vert er að nefna að í ríki Kim hafa almennir borgarar ekkert tjáningarfrelsi, fjölmiðlafrelsi er ekkert og ítrekað berast fréttir af aftökum andstæðinga stjórnarinnar.

Leiðtogarnir munu hittast aftur í dag og ræða einna helst um kjarnorkuafvopnun Norður-Kóreu. – þea

Kringlan

BYLGJAN 989

## FRÁBÆR TILBOÐ OG DEKUR FYRIR ÞIG

# KONUKVÖLD

**Bylgjan og Kringlan bjóða þér á glæsilegt konukvöld í kvöld. Við tökum vel á móti þér með gjöfum, tískusýningu, skemmtun og dásamlegum veitingum.**



## Verslanir og veitingastaðir bjóða frábær tilboð sem gilda allan daginn, 10-22.

**Dagskráin hefst kl. 19.**

**600 fyrstu sem mæta fá gjafapoka. Aðalvinningar eru vegleg gjafakort, kaffivél frá Nespresso og ferð til Mílanó fyrir 2!**

**Kl. 20 verður glæsileg tískusýning á ferðinni. Allt það nýjasta í vortískunni verður sýnt á göngum Kringlunnar.**

***Auk þess verður á dagskrá:***

- *Búbblubílinn*
- *Kokteilbar*
- *Arnar Jónsson söngvari*
- *Sigga Kling*
- *Danssýning á Blómatorgi*
- *Kynningar frá Mekka W&S*

## Fögnum hækkandi sól og höfum gaman saman!

## OPIÐ TIL 22

Skannaðu **kóðann** eða farðu á **kringlan.is** til að finna öll tilboðin á konukvöldinu.

# Kerfinu geta fylgt „verulegir ókostir“

**Bankaráð Seðlabankans segir illa fara á því að sömu einstaklingar beri ábyrgð á eftirliti annars vegar og hins vegar þeirri kjarnastarfsemi að móta peningastefnu. Það sýni reynslan. Seðlabankastjóri segir núverandi fyrirkomulag rannsókna ekki ganga.**

Bankaráð Seðlabanka Íslands telur óhætt að fullyrða að illa fari á því að sömu einstaklingar beri ábyrgð á rannsóknum og eftirliti annars vegar og hins vegar um leið þeirri kjarnastarfsemi Seðlabankans að móta peningastefnu og vera til ráðgjafar um stjórn efnahagsmála landsins. Reynslan vegna vinnu Seðlabankans við eftirlit með fjármagnshöftunum bendi eindregið til þess að slíku fyrirkomulagi geti fylgt verulegir ókostir.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í nýlegri greinargerð bankaráðsins sem skrifuð var að beiðni Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra í kjölfar dóms Hæstaréttar í nóvember í fyrra þar sem fimmtán milljóna króna stjórnvaldssekt sem Seðlabankinn lagði á Samherja var felld úr gildi.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri tekur í svipaðan streng í bréfi sem hann skrifaði forsætisráðherra í lok síðasta mánaðar og var gert opinbert í gær en þar segir hann núverandi fyrirkomulag rannsókna á brotum á gjaldeyrislögum ekki ganga. Óheppilegt sé að slík starfsemi heyri beint undir seðlabankastjóra.

„Það þarf fjarlægð til að koma í veg fyrir að mál séu persónugerð til að skapa stöðu sem málsaðilar hafa yfirleitt ekki gagnvart sérhæfðari eftirlitsaðilum,“ segir í bréfi Más.

Í greinargerð bankaráðs er bent á að við fyrirhugaða sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins, en vinna við hana hefur staðið yfir frá því síðasta haust, muni færast til Seðlabankans margs konar starfsemi sem sé í eðli sínu lík þeirri sem bankinn hafi tekið að sér vegna fjármagnshaftanna. Fjármálaeftirlitið rannsaki enda ýmiss konar meint brot á lögum og reglum og refsi fyrir þau eða kæri til lögreglu eða saksóknara.

„Reynslan vegna vinnu Seðlabankans við eftirlit með fjármagnshöftunum bendir eindregið til þess að því geti fylgt verulegir ókostir. Að þeim þarf að huga vel við þessar skipulagsbreytingar,“ segir bankaráðið. Með lagabreytingu árið 2010 var sem kunnugt er ákveðið að Seðlabankinn færi með rannsókn á meintum brotum á fjármagnshöftunum en áður hafði Fjármálaeftirlitið haft það hlutverk með höndum.



Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir markmiðið með framkvæmd haftanna ekki hafa verið að hámarka refsingar, heldur að láta þau halda en draga um leið úr neikvæðum hliðaráhrifum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Eftirlitið verði aðskilið

Sérstök verkefnisstjórn, sem heyrir undir ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu, hefur síðustu mánuði unnið að frumvarpi um breytingar á lögum um Seðlabankann en eins og greint var frá í Markaðinum í gær er í drögum að frumvarpinu lagt til að bankinn verði skipaður einum aðalseðlabankastjóra og þremur varabankastjórum.

Er gert ráð fyrir að einn hinna síðarnefndu fari með peningamál, annar beri ábyrgð á fjármálastöðugleika og þriðji varabankastjórinn verði yfir fjármálaeftirliti innan sameiginlegrar stofnunar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

## Már: Markmiðið ekki að hámarka refsingar

Már Guðmundsson seðlabankastjóri skrifar í bréfi sínu til forsætisráðherra að markmiðið með framkvæmd fjármagnshaftanna hafi ekki verið að hámarka refsingar. Takmarkið hafi fremur verið að láta höftin halda en draga um leið eftir föngum úr neikvæðum hliðaráhrifum þeirra.

Hann segir það ekki rétt sjónarhorn á málið að líta svo á að framkvæmd haftanna hafi gengið illa vegna þess að ýmis kærumál hafi ekki endað með sakfellingu fyrir dómstólum.

Í bókun bankaráðsmannanna Sigurðar Kára Kristjánssonar og Þórunnar Guðmundsdóttur vegna greinargerðar ráðsins er bent á að allir þeir sem hafi leitað réttar síns fyrir dómi og látið reyna á lögmæti sektargerða Seðlabankans hafi haft sigur gegn bankanum.

Af dómum Hæstaréttar verði ekki dregnar aðrar ályktanir en að ákvarðanir bankans við framkvæmd haftanna hafi verið „ólögmætar heilt yfir“.

Már segir að til að byrja með hafi ekki gengið alveg eftir að láta höftin halda en með reglubreytingum og rannsóknaraðgerðum hafi höftin farið að virka eins og til hafi verið ætlast. Ekki megi gleyma í því sambandi að aðgerðir bankans hafi haft töluverð fælingaráhrif, eins og glögglega hafi mátt sjá eftir húsleitina hjá Samherja árið 2012.

> **Reynslan vegna vinnu Seðlabankans við eftirlit með fjármagnshöftunum bendir eindregið til þess að því geti fylgt verulegir ókostir.**
>
> Úr greinargerð bankaráðs Seðlabankans til forsætisráðherra

Innlendir og erlendir sérfræðingar, sem hafa verið stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni fjármálamarkaðarins, hafa mælt með sameiningu umræddra stofnana en sumir þeirra hafa þó ekki talið æskilegt að Seðlabankinn fari með eftirlitshlutverk á fjármálamarkaði.

Sir Andrew Large, fyrrverandi aðstoðarbankastjóri Englandsbanka, benti til að mynda á árið 2012 að slíkt fyrirkomulag byði upp á það að Seðlabankanum yrði kennt um allt það sem betur mætti fara í því samhengi. Slíkt gæti grafið undan orðspori bankans og þannig haft áhrif á getu hans til þess að ná markmiðum sínum á öðrum sviðum.

Svipuð sjónarmið komu fram í skýrslu sem starfshópur um endurskoðun peningastefnunnar, sem Ásgeir Jónsson hagfræðingur fór fyrir, skilaði síðasta sumar. Mælti hópurinn með því að Seðlabankinn bæri ábyrgð á þjóðhagsvarúð og eindarvarúð en að Fjármálaeftirlitið sinnti áfram eftirlitshlutverki á fjármálamarkaði.

Í áðurnefndri greinargerð bankaráðs Seðlabankans er jafnframt tekið fram að samsetning ráðsins og umboð þess frá Alþingi, en þingmenn kjósa sjö manna bankaráð, geri bankaráðið „afar óheppilegan aðila“ til þess að hafa eftirlit með framgöngu bankans í einstökum refsimálum og enn síður til þess að grípa inn í slík mál.

„Eðlilegra“ sé að dómstólar og eftir atvikum saksóknarar eða lögregla eða umboðsmaður Alþingis gegni því hlutverki að tryggja bankanum aðhald í refsimálum.

kristinningi@frettabladid.is







# Ekki vera gagnslaus

## Þú þarft meira en orðin tóm

Þú getur talað eins og þú vilt, en þegar upp er staðið gerir síminn þinn takmarkað gagn án gagnamagns.

**10GB + Ótakmarkaðar mínútur og SMS = 3.490** kr. á mánuði

Ef þú ert í *Heima* færðu **100 GB fyrir sama verð.**

Framtíðin er spennandi.
**Ertu til?**

vodafone
Hluti af sýn

## TILVERAN

# Stjórnvöld þurfi heildstæðari stefnu í málefnum barna

**Sex ár eru liðin síðan Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur hér á landi en enn hefur sáttmálinn ekki verið innleiddur. Ísland hefur fengið athugasemd frá Sameinuðu þjóðunum um að hafa enga heildstæða stefnumótun. Þörf er á samtali milli ríkis og sveitarfélaga til að framkvæma innleiðingu ella verði samningurinn aldrei innleiddur.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Sú skylda hvílir á öllum aðildarríkjum Barnasáttmálans að innleiða hann og er sú krafa meðal annars lögð á aðildarríkin í Barnasáttmálanum sjálfum. Ríki sem hafa fullgilt sáttmálann eiga að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að gera forsendur sáttmálans að veruleika. Til að fylgja þessu eftir ber öllum aðildarríkjum sáttmálans skylda til að senda Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna skýrslu um stöðu innleiðingar sáttmálans á fimm ára fresti. Í kjölfarið fara stjórnvöld viðkomandi ríkja í úttekt hjá nefndinni sem gefur í framhaldinu út skýrslu um stöðu innleiðingar Barnasáttmálans.

„Íslensk stjórnvöld sendu skýrslu til nefndarinnar bara í þarsíðustu viku,“ segir Hjördís Eva Þórðardóttir, teymisstjóri innanlandsverkefna UNICEF á Íslandi. „Íslensk stjórnvöld standa vissulega framarlega þegar kemur að velferð barna, þrátt fyrir það hefur nefndin gert athugasemdir við innleiðingu Barnasáttmálans hér á landi. Ein sú alvarlegasta er án alls vafa að hér á landi er ekki til staðar nein heildstæð stefnumótun um hvernig eigi að innleiða sáttmálann og ríkið hefur ekki átt í neinu samtali við sveitarfélögin um það hvernig þau geti tekið þátt í innleiðingarvinnunni. Ef sveitarfélögin taka ekki þátt í þessari vinnu er auðséð að Barnasáttmálinn verður aldrei innleiddur hér á landi, þar sem þau stýra stærstum hluta af öllu starfi sem hefur áhrif á daglegt líf barna.“

Til að hægt sé að innleiða Barnasáttmálann þarf að fylgja þeim viðmiðum sem Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur sett fyrir innleiðingu hans. Þau viðmið eru skýr og kalla meðal annars á heildstæða stefnumótun um málefni barna þar sem sérstaklega er horft til viðkvæmustu hópa barna. Hjördís Eva segir að íslensk stjórnvöld þurfi að setja sér skilvirkari markmið um innleiðingu Barnasáttmálans og sú stefna þurfi að innihalda áætlun um það hvernig sveitarfélögin koma inn í þá vinnu.

„Við hjá UNICEF höfum hannað innleiðingarlíkan fyrir sveitarfélög sem heitir Barnvæn sveitarfélög, barnvaensveitarfelog.is, sem aðstoðar sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmálann. Þar er búið að skipta innleiðingarferlinu upp í skref sem sveitarfélög geta stigið markvisst til að innleiða Barnasáttmálann með markvissum hætti. Við hófum vinnu við þetta líkan með Akureyrarbæ sem hefur nú samþykkt aðgerðaáætlun fyrir innleiðingu Barnasáttmálans. Sú áætlun er mjög metnaðarfull og umfangsmikil og mun ná til næstu tveggja ára,“ segir Hjördís Eva.

„Þegar Akureyri hefur uppfyllt þessa aðgerðaáætlun munu þau fara í úttektarferli hjá UNICEF sem mun leiða til þess að þau geti öðlast viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi sem Barnvænt sveitarfélag, ef þau uppfylla forsendur úttektarinnar. Við erum einnig í samstarfi við Kópavog sem vinnur hörðum höndum að þessu verkefni, en þau eru núna í þeim fasa að kortleggja Barnasáttmálann í Kópavogi og munu í kjölfarið búa til sína aðgerðaáætlun fyrir innleiðingu Barnasáttmálans. Það er mikil ánægja sem fylgir því að vinna með þessum tveimur sveitarfélögum sem hafa svo mikinn eldmóð fyrir því að innleiða Barnasáttmálann í allt stjórnkerfi sitt. Vinna þeirra er að ryðja brautina fyrir fleiri sveitarfélög en við hjá UNICEF erum komin með langan biðlista af sveitarfélögum sem vilja vinna að innleiðingu Barnasáttmálans með okkur. Markmiðið er að í gegnum þetta verkefni verði öll sveitarfélög á Íslandi barnvæn sveitarfélög.“

Félags- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, vinnur nú að því að endurskoða þjónustu fyrir börn á Íslandi í samstarfi við fleiri ráðuneyti. Ráðherrann hefur lýst yfir miklum vilja til að vinna samhliða þeirri vinnu að innleiðingu Barnasáttmálans. „Við höfum mikla trú á að sú vinna muni stuðla að markvissari vinnu við að innleiða sáttmálann og að félags- og barnamálaráðherra muni skipta sköpum fyrir innleiðingu Barnasáttmálans,“ segir Hjördís Eva.

**Hvaða þýðingu hefur það fyrir börn á Íslandi að sáttmálinn verði innleiddur?**

„Það hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir öll börn á Íslandi að unnið sé með markvissum hætti að innleiðingu Barnasáttmálans. Það er aldrei hægt að segja að mannréttindasáttmáli hafi verið að fullu innleiddur, samfélagið okkar er alltaf að breytast og nýjar áskoranir að koma upp. Hins vegar á Barnasáttmálinn að vera eins og vitinn sem við stefnum að, þangað eigum við að vera markvisst að vinna að því að komast. Markviss innleiðing Barnasáttmálans tryggir að viðkvæmustu hópar barna í samfélaginu okkar séu sýnilegir, að stefnumótun stjórnvalda byggi á því að bæta aðstæður þeirra með markvissum hætti, tryggir að Barnasáttmálinn sé nýttur sem gæðastjórnunartæki við allar ákvarðanir og stefnumótun sem stjórnvöld fara í, að börn fái tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu sem við búum í og að við séum markvisst að rýna í samfélagið okkar út frá grundvallarforsendum Barnasáttmálans, jafnræðisforsendunni, hvað barninu sé fyrir bestu, rétti barnsins til lífs og þroska og rétti barnsins til að taka þátt í samfélaginu og hafa áhrif.“

**Hvers vegna hefur Barnasáttmálinn ekki verið innleiddur enn?**

„Það er mjög góð spurning, sem ég vildi að ég vissi svarið við. Kannski erum við værukær vegna þess að í alþjóðlegum samanburði komum við á Íslandi mjög vel út. Flest börn hér á landi hafa það gott, það þýðir hins vegar ekki að við megum sofa á verðinum. Hér á landi er fjöldi barna sem eru í viðkvæmri stöðu, til dæmis verða þúsundir barna á Íslandi fyrir kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi, það mætti gera margt til að bæta stöðu barna sem sækja um alþjóðlega vernd hér á landi og geðheilbrigði og líðan unglinganna okkar fer versnandi. Það er því virkilega þörf fyrir að við horfum okkur nær.

Aðstæður barna á Íslandi eru að flestu leyti mjög góðar, Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur því gefið íslenskum stjórnvöldum nokkuð góða einkunn í fyrirtökum sínum hjá nefndinni. En við síðustu fyrirtökur benti nefndin íslenskum stjórnvöldum á að það væri mikil þörf fyrir að þau færu að sinna vinnunni við innleiðingu Barnasáttmálans með markvissari hætti. Aðrar þjóðir líta til landa eins og Íslands þegar kemur að innleiðingu Barnasáttmálans og við þurfum því að taka það hlutverk mjög alvarlega. Við erum eitt af þeim löndum sem eiga að draga lestina þegar kemur að mannréttindum barna. Til þess þurfum við að nálgast þá vinnu með mun markvissari hætti en við höfum gert og standa okkur mun betur við að lyfta stöðu viðkvæmustu barnanna í íslensku samfélagi fram og nýta tölfræðigögn og upplifun og reynslu barnanna til þess að vinna með markvissum hætti að því að bæta stöðu þessara barna.“

> **Ef sveitarfélögin taka ekki þátt í þessari vinnu er auðséð að Barnasáttmálinn verður aldrei innleiddur hér á landi.**
>
> Hjördís Eva Þórðardóttir



### Lítur mjög til sáttmálans í sínum störfum

Barnasáttmálinn er lifandi skjal og því verður aldrei hægt að segja að innleiðingu hans sé lokið að fullu. Barnaverndarstofa lítur mjög til sáttmálans í sínum störfum, bæði þegar teknar eru ákvarðanir í einstaka málum og eins við þróun þjónustu og mótun stefnu í málefnum barna.

Barnasáttmálinn er gríðarlega mikilvægur í öllum störfum sem varða börn, ekki síst í viðkvæmum málaflokki eins og barnavernd. Mikilvægt er að það sem barni er fyrir bestu sé ávallt í forgrunni alls barnaverndarstarfs, bæði í málum tiltekinna barna og þegar teknar eru stefnumótandi ákvarðanir. Sama gildir um að fá fram sjónarmið barns og að börn fái að taka þátt í málum sem þau varða og við að móta þjónustu og taka stefnumótandi ákvarðanir í málaflokkum sem varða þau.

**Heiða Björg Pálmadóttir**
forstjóri Barnaverndarstofu




Mon
GUERLAIN
THE NEW EAU DE TOILETTE
BLOOM OF ROSE
GUERLAIN
NÝJASTI MON GUERLAIN ILMURINN ER KOMINN Í LYF & HEILSU KRINGLUNNI

# Börn og álag

Sem foreldri vill maður börnum sínum allt hið besta, vonar að þeim gangi vel í hverju sem þau taka sér fyrir hendur og að þau dafni og þroskist eðlilega. Í þessu samhengi er eðlilegt að fylgjast vel með því sem þau eru að gera og einnig finna flestir foreldrar fyrir vissum kvíðahnút í maga þegar þau krossa fingur og átta sig í leiðinni að þau geta ekki stýrt öllu eins og þau kannski gjarnan vildu. Þá verða breytingar eftir því sem þau eldast og engin tvö börn eru eins.

Við berum mikla ábyrgð á þessum einstaklingum og að skila þeim út í samfélagið á báðum fótum þannig að þau geti séð um sig sjálf og hugsanlega okkur eldra fólkið þegar fram í sækir. Hægt er að misstíga sig víða, maður lærir af slíku, svo lengi sem ekki er dvalið um of á sama stað heldur þroskast áfram. Það er engin töfraformúla til og hver og einn verður að feta sína braut. Því er áhugavert að fylgjast með foreldrum fullum af stolti við hvern áfanga í skólagöngu þegar allt hefur blessast. Foreldrar horfa til baka og gleðjast yfir að hafa staðist „prófið", að koma barni á legg, sjálfstæðum einstaklingi sem nýtir sína hæfileika, líður vel og dafnar í því sem hann tekur sér fyrir hendur.

Andleg jafnt sem líkamleg heilsa er vissulega grundvallaratriði í því að vel takist til og því þurfum við sem berum ábyrgðina að tryggja að svo sé. Mikið hefur verið fjallað um mismunandi áherslur í menntamálum og það hvernig verði að koma til móts við þá sem standa höllum fæti á ýmsum sviðum, t.d. les- og skrifblinda. Opin umræða um einelti og viðbrögð við því hefur líka skilað miklu, en betur má ef duga skal. Við höfum býsna lengi hampað þeim sem duglegir eru og gengur vel, sérstaklega í bóknámi en verknám sækir á og er það af hinu góða. Við þurfum fagfólk á öllum sviðum og því betri menntun og þjálfun, því meiri ávinningur fyrir samfélagið í heild.

Á sama tíma og börnin eru í skóla þá eru mörg sem stunda íþróttir og hefur verið mikil sókn í því undanfarin ár sem er gott enda hugtakið heilbrigð sál í hraustum líkama okkur öllum vel þekkt og má hvetja til hreyfingar fyrir alla aldurshópa. Eftir því sem börnin mín eldast sé ég að bæði lengist skólatíminn, kröfurnar varðandi námið aukast og meiri tíma er varið í heimanám. Á sama tíma og slíkt gerist aukast kröfurnar í íþróttunum og bæði viðvera og fjöldi tíma á æfingum eykst og álagið þar með. Mér er ljóst sem fagmanni að á viðkvæmum tíma uppvaxtaráranna er nauðsynlegt að leggja talsvert inn fyrir seinni tíma og er ég þar að vísa í beinastyrk, þroska ónæmiskerfisins og margt fleira.

Sá sem æfir of mikið eykur hættuna á því að meiðast, fá vöðvaverki og jafnvel niðurbrot, svefntruflun og depurðareinkenni, aukna veikindatíðni og minnkaða einbeitingu. Þessu fylgir oft líkamleg og andleg þreyta sem aftur skapar vandamál í skóla og lærdómi. Mjög hefur verið fjallað um ofþjálfun í heimi læknavísinda undanfarið og er líklegt að meiri skaði en ávinningur hljótist af sé ekki gætt hófs. Samvera fjölskyldu er einnig grundvallarþáttur í þroskaferli barna, sú samvera er mismunandi en flestir ættu að temja sér þá reglu að borða saman að kvöldi geti þeir það og halda þá stund hátíðlega. Því ættu t.a.m. íþróttafélög að forðast æfingatíma á milli 18.30 og 20.00 sem ég tel ekki uppbyggilegan. Æfingar að kvöldi hafa tíðkast lengi, en ættu ekki að vera í boði fyrir yngri hópa og allra síst að vera eftir 21.30 þar sem slíkt getur ýtt undir svefntruflun og sömuleiðis dregið úr möguleikum til ástundunar heimanáms sem eykst með aldrinum. Jafnvægi er lykilatriði hér sem annars staðar!

**Við berum mikla ábyrgð á þessum einstaklingum og að skila þeim út í samfélagið á báðum fótum þannig að þau geti séð um sig sjálf og hugsanlega okkur eldra fólkið þegar fram í sækir.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is

# Barnaþing haldið í ár

**Embætti umboðsmanns barna hefur verið styrkt. Embættið mun hafa hóp barna sér til ráðgjafar og sérstakt barnaþing verður haldið í lok árs.**

Umsvif umboðsmanns barna í embætti voru aukin í lok árs 2018. Lögum um umboðsmann barna var breytt í lok síðasta árs en þau höfðu þá ekki verið endurskoðuð frá því þau voru sett árið 1994. Með breytingunum er embættið styrkt og það hefur nú skýrt hlutverk í innleiðingu Barnasáttmálans og fræðslu um hann. Þá er embættinu gefið sérstakt hlutverk við að afla og miðla gögnum um stöðu tiltekinna hópa barna. Þau gögn munu liggja til grundvallar samræmdri og markvissri stefnu í málefnum barna hjá stjórnvöldum.

„Umboðsmaður barna mun einnig boða til þings um málefni barna annað hvert ár þar sem farið verði yfir stöðu og þróun í málefnum barna á helstu sviðum samfélagsins og þá verða niðurstöður þingsins kynntar ríkisstjórn og hlutaðeigandi ráðherrum," segir Salvör Nordal, umboðsmaður barna.

„Það er ótrúlega spennandi verkefni og gaman að fyrsta þingið verður haldið í nóvember í tengslum við 30 ára afmæli Barnasáttmálans. Barnaþingið verður haldið í Hörpu og við gerum ráð fyrir um 400-500 þátttakendum en í lögunum er kveðið á um virka þátttöku barna í skipulagningu og framkvæmd þingsins og að börn verði meðal gesta þess og mælenda. Okkur er ekki kunnugt um að sambærilegt þing hafi verið haldið annars staðar þótt ýmsar leiðir hafi verið farnar til að virkja þátttöku barna víða um heim."

Einnig hefur verið lögfest að embættið hafi hóp barna sér til ráðgjafar en slíkur hópur hefur verið starfræktur um árabil. „Hlutverk þeirra er mjög mikilvægt í öllu okkar starfi. Með lögfestingu hópsins fær hann enn meira vægi og við höfum í hyggju að styrkja hann enn frekar t.d. með því að efla tengslin við börn út á landi til að fá sem fjölbreyttust sjónarmið inn í hópinn."

Salvör segir það öllu máli skipta að sjónarmið barna heyrist í umræðunni og í stefnumótun hjá sveitarfélögum og stjórnvöldum. Ekki eingöngu um málefni sem snúa beint að börnum heldur einnig um ýmis önnur mál enda þurfi börn að lifa lengst með afleiðingum ákvarðana sem teknar eru í dag.

„Þá skiptir líka máli að ekki sé bara rætt við félagslega sterk börn heldur ekki síður þau sem eiga erfiðara með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þess vegna er rík áhersla lögð á það að fulltrúar barna á Barnaþinginu komi alls staðar að af landinu, úr mismunandi aðstæðum og með fjölbreytta reynslu. Á síðustu mánuðum hefur embættið unnið með sérfræðihópi barna með fötlun og við erum að vinna úr tillögum þeirra, sem ég vona að við getum kynnt á vormánuðum," segir Salvör.

„Þegar kemur að aðstæðum barna og þjónustu við börn verðum við að heyra hvað þeim sjálfum finnst, hvernig þau sjá þjónustuna og hvað betur mætti fara. Ekki síður að þau séu höfð með í ráðum þegar ákveðið er hvernig haga eigi þeirra lífi, t.d. þegar forsjá er ákveðin eða umgengni eftir skilnað. Við getum talið okkur vita hvað börnum er fyrir bestu en sjáum svo ekki augljósa þætti sem skipta þau jafnvel öllu máli fyrr en við spyrjum þau. Þess vegna er samráð og samtal við börn og ungmenni lykilþátturinn í öllu starfi embættisins."



**Salvör Nordal.**



**Lilja Margrét Óskarsdóttir**
17 ára

„Mér finnst mjög mikilvægt að raddir barna fái að heyrast í samfélaginu okkar, rétt eins og allar aðrar raddir samfélagsins. Ef við viljum búa í sanngjörnu samfélagi þurfa allar raddir samfélagsins að fá að heyrast jafnt. Raddir barna verða líka að heyrast t.d. þegar á að taka ákvarðanir um börn. Börn hafa líka oft aðra sýn á ákveðin mál en fullorðnir hafa og með því að margir hópar fái að leggja sitt sjónarmið fram er oft hægt að ná niðurstöðu sem tekur tillit til allra."



**Kristján Helgason**
19 ára

„Mér finnst mjög gaman að taka þátt í þeim umræðum sem myndast á fundunum okkar og ég hef fengið mikla þjálfun í því að mynda mér skoðanir og koma þeim skýrt á framfæri.

Mér finnst starf ráðgjafarhópsins mjög mikilvægt fyrst og fremst vegna þess að börn eiga að hafa áhrif á allar ákvarðanir sem varða þau, rétt eins og allir, en það gleymist oft, til dæmis í styttingu framhaldsskólanna. Við höfum margoft heyrt að ekki sé svo auðvelt að ráðfæra sig við börn, en ráðgjafarhópur umboðsmanns barna og fjölmörg önnur ungmennaráð hefðu gaman af því að tjá sig um öll málefni sem varða börn."



**Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannardóttir**
18 ára

„Við viljum leggja áherslu á að raddir ungs fólks fái þann hljómgrunn sem þær eiga skilið, sérstaklega þegar verið er að taka ákvarðanir sem varða börn. Tólfta grein barnasáttmálans segir að börn eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum sem þau varða og er þetta sú grein sem lýsir ráðgjafarhópnum best að mínu mati."

Þeir sem hafa áhuga á að starfa með umboðsmanni ættu að hafa samband við embættið beint á barn.is. Einnig geta börn haft samband símleiðis gjaldfrjálst í síma 800-5999.

## Börnum í íslensku samfélagi mismunað

„Barnasáttmálinn er tæki fyrir sveitarfélög og alla aðila sem eru að vinna að málefnum barna og með börnum að hafa sem leiðarljós í öllu starfi. Þegar sveitarfélög ákveða að innleiða sáttmálann, þurfa þau að tryggja réttindi allra barna, í öllu starfi á vegum sveitarfélagsins," segir Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri Barnaheilla.

Hún segir að börnum í íslensku samfélagi sé í dag mismunað vegna efnahagslegrar stöðu foreldra. „Börn bera ekki ábyrgð á við hvaða aðstæður þau búa. Við verðum að tryggja öllum börnum grundvallarmannréttindi óháð stöðu þeirra eða stöðu foreldra þeirra. Efnahagsleg staða foreldra á ekki að koma í veg fyrir að börn njóti þeirra réttinda sem þeim ber samkvæmt Barnasáttmálanum," segir Margrét Júlía.

Í Barnasáttmálanum er kveðið á um réttindi barna, ábyrgð og skyldur stjórnvalda, svo og ábyrgð foreldra. Samfélagið verði að búa svo um hnútana að foreldrar geti sinnt uppeldisskyldum sínum og hlúð vel að börnum sínum.

„Sem dæmi má nefna að samkvæmt Barnasáttmálanum eiga öll börn rétt á hvíld, tómstundum, leikjum og skemmtunum, sem hæfa aldri þeirra og þroska og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum. Ekki geta öll börn stundað tómstundastarf, m.a. vegna kostnaðar sem því fylgir. Þarna verða sveitarfélög að marka sér stefnu, þannig að öll börn geti tekið þátt án mismununar," segir Margrét Júlía. „Börn eiga jafnframt rétt á gjaldfrjálsri grunnmenntun. Því hafa Barnaheill barist fyrir því að sveitarfélög leggi af þann sið að láta foreldra kaupa hluta af námsgögnum barna sinna hvert haust. Sú barátta hefur borið árangur, en tryggja þarf að þessi kostnaður verði ekki lagður á aftur og það er einungis hægt með því að tryggja það í lögum."

Öll börn eiga rétt á að njóta umönnunar foreldra sinna. Þó má til dæmis nefna að barn á engan sjálfstæðan veikindarétt, heldur er rétturinn foreldranna og fer eftir atvinnustöðu þeirra, stéttarfélagi og er samkvæmt kjarasamningum og mjög mismunandi.

„Staða barna sem veikjast eða fæðast veik getur því verið mjög mismunandi og er það algjörlega óásættanlegt. Það þarf að tryggja í lögum um almannatryggingar og að rétturinn sé ávallt barnsins. Að búa vel að börnum og fjölskyldum þeirra frá upphafi er fjárfesting til framtíðar. Síðast en ekki síst: Ef við ætlum að tryggja börnum jarðar lífvænlega framtíð, þurfum við sem erum fullorðin að taka höndum saman, vinna gegn loftslagsbreytingum og annarri umhverfisvá. Börnin okkar og barnabörn eiga það skilið."



**Margrét Júlía Rafnsdóttir.**

# PIER

GERUM NOTALEGT



HÆGINDASTÓLAR
25%
AFSLÁTTUR



EMMEN stóll, ~~69.900,-~~ 52.425,- ROYAL stóll, ~~69.900,-~~ 52.425,- EMMEN stóll, ~~69.900,-~~ 52.425,-

TEPPI OG PÚÐAR
25%
AFSLÁTTUR



Púðar frá: ~~1.990,-~~ 1.492,-



Ilmkerti frá: 590,-



CORA teppi, margir litir ~~3.990,-~~ 2.993,-

KERTI OG KERTASTJAKAR
25%
AFSLÁTTUR



Gólfpúðar, margar gerðir
Verð frá: ~~7.990,-~~ 5.992,-

*Ný sending!*

THEA, svart stell
skál 390,-
bolli 390,-
hliðardiskur 390,-
matardiskur 490,-
*gildir ekki í vefverslun



4 hlutir á 1.000 kr.*





**www.pier.is**

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 28. febrúar - 6. mars. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# TILVERAN

## Veitingamenn hafa áhyggjur

Veitingarekstur hefur verið erfiður frá sumrinu 2017 og hart er í ári hjá veitingamönnum. Kostnaður hefur farið vaxandi en offramboð á veitingastöðum hefur leitt þess að hart er barist um magana í hádeginu. Þess vegna er hægt að fara út að borða í hádeginu á góðum stöðum í miðbænum fyrir jafnvel minni pening en á skyndibitastöðum eða kaffihúsum.

Verð hefur lækkað en rekstrarkostnaður aukist enda hafi laun og húsaleiga hækkað, segja veitingamenn. Markaðurinn ræddi við veitingamenn í miðbænum og á Granda sem hafa áhyggjur og segja ekkert svigrúm til launahækkana. Á sama tíma gera verkalýðsfélögin kröfu um ríkulegar hækkanir og sveifla verkfallsvopninu.

## Gengu til liðs við Miðflokkinn

Ólafur Ísleifsson og Karl Gauti Hjaltason gengu til liðs við Miðflokkinn í síðustu viku. Þeir voru reknir úr Flokki fólksins eftir hið fræga kvöld á Klaustri, þar sem þingmenn fóru ófögrum orðum um samstarfsmenn sína. Á umræddum fundi ræddu þingmennirnir meðal annars hugmyndir stjórnenda Miðflokksins um að fá þá til að skipta um flokk og ganga í Miðflokkinn. Í þingflokki Miðflokksins eru níu þingmenn eftir viðbótina og er hann stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn.

Formaður flokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, er hæstánægður með nýju meðlimina. „Hinir nýju þingmenn Miðflokksins hafa verið pólitískir bandamenn okkar á Alþingi frá því strax eftir kosningar og mikill samhljómur verið milli þeirra og þingmanna flokksins,“ sagði Sigmundur í bréfi til flokksmanna sinna.

**Hinir nýju þingmenn Miðflokksins hafa verið pólitískir bandamenn okkar á Alþingi frá því strax eftir kosningar og mikill samhljómur verið milli þeirra og þingmanna flokksins.**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins



# Vikan

Breytingar í Miðflokki, áhyggjur veitingamanna og Eddan var meðal þess sem bar hæst í liðinni viku. Kjaraviðræður eru þó líklega aðalhitamálið.







## Kona fer í stríð sigurvegari

Uppskeruhátíð íslensku sjónvarps- og kvikmyndaakademíunnar fór fram á föstudagskvöld þegar Edduverðlaunin voru veitt en 20 ár eru frá því að verðlaunin voru fyrst veitt. Tilnefningarnar voru gerðar opinberar í byrjun febrúar. Kvikmynd ársins er stórvirki Benedikts Erlingssonar, Kona fer í stríð, en hún var jafnframt sigursælasta kvikmynd kvöldsins með níu verðlaun. Hlaut Halldóra Geirharðsdóttir verðlaun sem besta leikkona í aðalhlutverki og Benedikt varð hlutskarpastur sem leikstjóri ársins.

Næstsigursælust var kvikmyndin Lof mér að falla, sem hlaut fern verðlaun, m.a. bæði fyrir leikkonu og leikara í aukahlutverki, en þau verðlaun hlutu Þorsteinn Bachmann og Kristín Þóra Haraldsdóttir.

**» Bandaríska stórleikkonan Jodie Foster hefur lýst áhuga á því að endurgera Kona fer í stríð á enskri tungu.**

## Harðnandi átök á vinnumarkaði

Kjaraviðræðum Eflingar, VR, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Grindavíkur við Samtök atvinnulífsins (SA) var slitið fyrir helgi. Í kjölfarið samþykkti Efling verkfallsboðun hjá hótelþernum sem munu leggja niður störf 8. mars verði það samþykkt í atkvæðagreiðslu.

SA hafa kært atkvæðagreiðsluna og mun Félagsdómur úrskurða um lögmæti hennar í næstu viku. Stéttarfélögin hafa boðað frekari og harðari verkfallsaðgerðir takist ekki samningar. Er þeim aðgerðum fyrst og fremst beint að stórum aðilum í ferðaþjónustu.

Þá hafa samningsaðilar deilt um hverjar raunverulegar kröfur stéttarfélaganna séu og hafa ásakanir um útúrsnúninga og rangfærslur gengið á víxl. Kjaraviðræðum annarra stéttarfélaga við SA hefur nú verið vísað til ríkissáttasemjara.

# Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins











Rúmgott 296,3 fm einbýlishús á vinsælum stað við Stigahlíð 52 í Reykjavík. Eignin skiptist í tvöfaldan bílskúr með heitu og köldu vatni. Þar er bílskúrshurðaopnari og gluggar en inn af bílskúr eru tvær geymslur. Komið er inn í forstofu sem er flísalögð og með stórum fataskápum. Marmari á gólfum. Eldhús er með hvítri innréttingu og á gólfi er gegnheilt eikarparket. Rúmgóð borðstofa tengir eldhús við stofur. Þá er skrifstofa, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, sólstofa og glæsilegur garður. Stutt í skóla, þjónustu og verslanir.

# ALLT TIL ALLS Í VERSLUNUM NETTÓ!

**Alabama grísagrillsneiðar**
Stjörnugrís
**899** KR/KG
ÁÐUR: 1.798 KR/KG
-50%



-34%



**Franskar andabringur**
**2.197** KR/KG
ÁÐUR: 3.329 KR/KG

-40%




**Dry Aged hamborgarar**
8x120g
**1.199** KR/PK
ÁÐUR: 1.998 KR/PK



-34%

**Grísarif**
**989** KR/KG
ÁÐUR: 1.498 KR/KG



-20%

**Hamborgarhryggur**
Úrbeinaður og hunangsgljáður
**2.398** KR/KG
ÁÐUR: 2.998 KR/KG

## Saltkjöt með allt að 55% afslætti

-50%



**Ódýrt saltkjöt**
Kjötsel
**449** KR/KG
ÁÐUR: 898 KR/KG

ÓDÝRT!

-55%



**Blandað saltkjöt**
Kjötsel
**674** KR/KG
ÁÐUR: 1.498 KR/KG

## Allt fyrir bolludaginn í miklu úrvali!

*Bolla, bolla, bolla!*

-14%




**Sprauturjómi**
250 ml
**249** KR/STK
ÁÐUR: 289 KR/STK

-38%



**Ófyllt vatnsdeigsbolla**
Með súkkulaði
**99** KR/STK
ÁÐUR: 159 KR/STK

BAKAÐ Á STAÐNUM!

-25%




**Jarðarberja- og hindberjasultur**
400 g
**299** KR/STK
ÁÐUR: 399 KR/STK

## BERJADAGAR Í NETTÓ!

**Jarðarber** 250g
**Bláber** 125g
**Hindber** 250g
**Brómber** 250g
**Rifsber** 125g

-30%



nettó
Lægra verð – léttari innkaup



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 28. febrúar - 3. mars
Tilboð á bollu- og sprengidagsvörum gilda til 5. mars
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Eitrað umhverfi



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Kjörnir fulltrúar þjóðarinnar eiga furðu oft í erfiðleikum með að átta sig á því að þeir geta ekki hegðað sér hvernig sem er. Þeir eru fulltrúar þjóðarinnar, bæði á vinnustað og utan hans, og verða að lúta þeirri kröfu að hegða sér skikkanlega. Þetta vefst merkilega mikið fyrir þeim. Allavega ganga þeir iðulega fram af þjóðinni með háttalagi sínu.

Rétt er að beina sjónum að framferði nokkurra borgarfulltrúa gagnvart starfsmönnum borgarinnar. Það getur ekki talist eðlilegt að um sjötíu starfsmenn hafi séð ástæðu til að kvarta undan framkomu borgarfulltrúa og að tveir einstaklingar hafi látið af störfum vegna þess að þeir þoldu ekki þessa framkomu. Þarna mun einungis um örfáa borgarfulltrúa að ræða en um leið er ljóst að þeir hafa hvergi dregið af sér í dónaskap og fautalegri framkomu fyrst tugir starfsmanna sjá ástæðu til að kvarta undan þeim.

Starfsfólk borgarinnar á að geta unnið störf sín í friði en á ekki að þurfa að búa við það að geðvondur borgarfulltrúi ausi úr skálum reiði sinnar yfir það. Enginn á að þurfa að vinna í svo eitruðu umhverfi.

Það eru því einkennileg viðbrögð að skjóta sendiboðann, það er að segja Stefán Eiríksson borgarritara sem á Facebook gagnrýndi nokkra borgarfulltrúa, án þess að nafngreina þá, og sagði þá ítrekað hafa vænt starfsfólk Reykjavíkurborgar um óheiðarleika og vegið að starfsheiðri þeirra. Ljóst er að Stefán átti þarna við nokkra borgarfulltrúa minnihlutans. Einhverjir þeirra hafa einmitt svarað Stefáni fullum hálsi. Svo virðist sem þeir taki orð hans til sín. Þeim væri nær að líta í eigin barm og spyrja sig hvort þeir eigi einhverja sök í málinu. Það er allavega skrýtið að beina spjótum að Stefáni fyrir að vekja athygli á vanlíðan starfsmanna borgarinnar. Vanlíðan sem stafar af hegðun nokkurra borgarfulltrúa.

Sú lítt friðelskandi manneskja, Vigdís Hauksdóttir, sagði að þessi Facebook-færsla hlyti að vera síðasta skítverkið sem Stefán ynni fyrir Dag B. Eggertsson, hann yrði að hverfa úr embætti eftir þessi orð sín. Umhyggja fyrir líðan starfsmanna borgarinnar virðist ekki ofarlega á blaði hjá þessum borgarfulltrúa minnihlutans.

Ljóst er að ýmsum í minnihluta borgarstjórnar er mjög í mun að bregða fæti fyrir meirihlutann í borginni með hvaða ráðum sem er. Það er svo sem ekki hægt að álasa borgarfulltrúum minnihlutans fyrir að þrá að komast til áhrifa í borginni en þeir ættu að láta af ofstækisfullum málflutningi og reyna að stilla skap sitt í samskiptum við starfsmenn borgarinnar sem eiga að fá að vinna störf sín án þess að gólandi borgarfulltrúar séu að angra þá.

Rétt er svo að halda því til haga að innan minnihlutans í borginni er sómafólk sem ekki grípur til gífuryrða við hvert tækifæri heldur stundar málefnalega gagnrýni og myndi aldrei gera sig sekt um að valda starfsmönnum borginnar sársauka með hegðan sinni. Hinir fáu sem láta pólitískt ofstæki stjórna sér valda miklum skaða, skapa sársauka og koma óorði á stjórnmálin.

> **Það er allavega skrýtið að beina spjótum að Stefáni fyrir að vekja athygli á vanlíðan starfsmanna borgarinnar.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Batnandi mönnum**

Miðflokkurinn hefur heldur betur stimplað sig inn sem stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn á þingi. Ljóst er að formaður flokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, kann vel við sig í þessu hlutverki og hefur verið í essinu sínu. Við fyrstu og aðra umræðu um frumvarp fjármálaráðherra um losun aflandskróna hefur hann alls stigið í pontu 79 sinnum. Sigmundur hefur stundum verið gagnrýndur fyrir litla viðveru í þinginu en það er greinilegt að batnandi mönnum er best að lifa. Þessar 79 ræður eru fleiri en hann flutti á öllu 146. löggjafarþinginu og mun fleiri en hann hafði flutt á yfirstandandi þingi til þessa.

**Ógnvænleg framtíð**

Frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar, sem heimilar innflutning á fersku kjöti hefur vakið hörð viðbrögð framsóknarmanna og annarra talsmanna landbúnaðarins. Haft var eftir formanni ungra framsóknarmanna að fólk einfaldlega hræddist frumvarpið. Með frumvarpinu sem hafði verið boðað um nokkra hríð eru stjórnvöld að bregðast við dómum Hæstaréttar og EFTA-dómstólsins um brot á EES-samningnum. Það er spurning hvora framtíðina meiri ástæða sé til að hræðast. Framtíð með fersku innfluttu kjöti eða framtíð án EES-samningsins.

sighvatur@frettabladid.is

## Pólun samfélagsins



Helgi Héðinsson
oddviti Skútustaðahrepps

Í aðdraganda forsetakosninganna í Bandaríkjunum 2016 fór að bera aftur á fyrirbæri sem kallað hefur verið pólun samfélagsins (e. social polarization). Pólun má í grunninn skýra sem einhvers konar þörf til að skilja að svart og hvítt, hægri og vinstri pólitík, rétt og rangt, satt eða logið. Stærsti vandinn við þetta er að flest okkar hafa hugmyndir sem falla einhvers staðar pólanna á milli.

Í ljósi átakanna sem nú ríkja á vinnumarkaði og þeirrar pólunar sem hún lýsir er fróðlegt að staldra við og velta fyrir sér hvað það er sem veldur.

Tilhneiging til pólunar getur átt sér fjölmargar rætur. Misskipting, óréttlæti, óstöðugleiki eða annað sem kallar fram sterkar tilfinningar. Bál pólunar er knúið áfram af ýmsu, en tvennt kemur fyrst upp í hugann. Fyrir það fyrsta er eftirspurn fjölmiðla eftir frétta- og umfjöllunarefni yfirleitt þannig háttað að sóst er eftir þeim sjónarmiðum sem vekja mest viðbrögð og leiða af sér áhorf, deilingar á samfélagsmiðlum og harkaleg skoðanaskipti. Í öðru lagi virðist þörf einstaklinga til tjáningar aukast eftir því sem menn færast nær sínum pól og finna sig knúna til að sannfæra aðra um sinn eina sannleik. Í báðum tilfellum hafa þessar aðgerðir áhrif á skynjun okkur á samfélaginu og þeim aðstæðum sem við búum við. Alvarlegasta afleiðingin er að öll umræða umverpist um pólana og verður allt annað en málefnaleg. Byggð upp á tilfinningum og skoðunum umfram staðreyndir.

**Ábyrgð**

Við berum ábyrgð, enda er það fólk sem rekur fjölmiðla og það er fólk sem tekur ákvörðun um að beita sér á samfélagsmiðlum. Það er ekki hagur nokkurs manns að hér verði okkur skipt í tvö lið sem aldrei leita málamiðlana. Tvö lið sem bæði eru ófær um að hafa staðreyndir og sannleika að leiðarljósi. Þróun sem lítið hefur fram að færa annað en átök, deilur, vondar tilfinningar og óstöðugleika samfélagsins. Berum ábyrgð.

> **Það er ekki hagur nokkurs manns að hér verði okkur skipt í tvö lið sem aldrei leita málamiðlana.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is,* Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is,* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Völd hinna valdalausu

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Kosningar eru ær og kýr lýðræðisins ásamt frjálsum fjölmiðlum og óháðum dómstólum. Tökum Bandaríkin, elzta lýðræðisríki heims. Þar er fulltrúadeild þingsins í Washington kosin öll eins og hún leggur sig annað hvert ár. Fjöldi kjörinna fulltrúa hvers ríkis fer eftir íbúafjölda. Forseti landsins er kjörinn á fjögurra ára fresti og fær ekki að sitja lengur en tvö kjörtímabil. Öldungadeildarþingmenn eru kjörnir til sex ára í senn, tveir frá hverju ríki óháð íbúafjölda, og er þriðjungur þeirra kjörinn annað hvert ár.

**Að rétta hlut sinn**

Þeir sem telja sig bera skarðan hlut frá borði geta reynt að rétta hlut sinn í kjörklefanum og gera það iðulega.

Kosningar eru eina færa leiðin sem fólkið hefur til að breyta stefnu stjórnvalda, til að rétta kúrsinn. Reynslan sýnir þó að leiðin er torfær vestra enda er kosningaþátttaka almennings eftir því lítil þar borið saman við Evrópu. Bandarískir stjórnmálafræðingar og sagnfræðingar hafa að undanförnu birt bók eftir bók til að afhjúpa brestina í lýðræðisskipan landsins sem höfundar stjórnarskrárinnar reyndu að gera sem bezt úr garði 1787 með góðum árangri þar til nýlega að fölva hefur slegið á stjórnarskipunina. Það sést m.a. á því að tveir af síðustu þrem forsetum landsins náðu kjöri þótt höfuðandstæðingar þeirra fengju mun fleiri atkvæði á landsvísu.

Kjörnir fulltrúar hafa vanrækt hagsmunamál almennings. Kaupmáttur venjulegra launa hefur staðið í stað áratug fram af áratug, kostnaður heilbrigðisþjónustu og háskólamenntunar hefur rokið upp úr öllu valdi, skólum hrakar og aðrir innviðir grotna niður. Fólkið vill þetta auðvitað ekki, en samt gerist það. Fórnarlömb ófarnaðarins fá ekki rönd við reist. Þessi lýsing á við um Bandaríkin og sumpart einnig um Bretland en ekki um Evrópu yfirleitt nema að litlu leyti. Bandaríkin og einnig Bretland að minna leyti hafa leyft misskiptingu auðs og tekna að ágerast umfram Evrópulöndin á meginlandinu þar sem reynt hefur verið að sporna gegn misskiptingu þótt hún hafi einnig ágerzt þar.

**Misskipting ógnar lýðræði**

Vanda Bandaríkjanna má að nokkru leyti rekja til þess að auðmenn hafa hert undirtökin í efnahagslífi landsins og einnig á vettvangi stjórnmálanna. Steininn tók úr 2010 þegar Hæstiréttur felldi úr gildi með eins atkvæðis mun – fimm atkvæðum gegn fjórum! – allar hömlur á fjárframlög til stjórnmálastarfsemi með þeim rökum að það heyri til mannréttinda að fá að kaupa sér atfylgi stjórnmálamanna. Peningar tóku völdin í boði Hæstaréttar. Síðan hefur lýðræði í Bandaríkjunum hnignað smám saman skv. viðteknum mælikvörðum. Öll Vestur-Evrópulönd og m.a.s. nokkur fv. kommúnistaríki, þ. á m. Eistland, Lettland og Litháen, státa nú af stöndugra lýðræði en Bandaríkin.

Bandaríski hæstaréttardómarinn Louis Brandeis (1856-1941) greindi vandann. Hann sagði: „Við getum haft lýðræði í þessu landi eða við getum haft mikinn auð á fárra höndum en við getum ekki haft hvort tveggja.“

**Sagan gæti endurtekið sig**

Hér heima virðist nú stefna í löngu fyrirsjáanleg verkföll. Átökin á vinnumarkaði nú eru sprottin úr jarðvegi misskiptingar og hnignandi lýðræðis. Að þessu leyti svipar Íslandi frekar til Bandaríkjanna og Bretlands en t.d. til annarra Norðurlanda þar sem allt er með kyrrum kjörum. Á Íslandi býr margt fólk sem telur sig bera skarðan hlut frá borði. Þessu fólki hefur ekki tekizt að rétta hlut sinn við kjörborðið. Því býst það nú til að reyna að rétta hlut sinn í kjarasamningum svo sem óbreytt vinnumarkaðslöggjöf frá 1938 veitir færi á. Það býst til að beita samtakamætti sínum til að knýja fram leiðréttingu sinna mála. Þessi kostur er ekki í boði í Bandaríkjunum þar sem miðstýringu kjarasamninga hefur aldrei verið til að dreifa og ekki heldur í Bretlandi þar sem horfið var frá miðstýringu eftir 1980. Leiði vinnudeilurnar nú til ríkisstjórnarslita og nýrra alþingiskosninga, þá mun margt af þessu fólki væntanlega skoða það sem velkominn kaupauka úr því að ríkisstjórnin og Alþingi hafa vanrækt hagsmuni láglaunafólks og gefið lýðræðinu langt nef.

Sagan geymir hliðstæð dæmi um stjórnarslit vegna ágreinings um kaup og kjör. Hermann Jónasson forsætisráðherra fór á fund Alþýðusambandsins 1958 til að biðja menn þar að fresta umsaminni kauphækkun. Beiðninni var hafnað með yfirgnæfandi meiri hluta. Ríkisstjórn Hermanns fór frá. Svipað gerðist 1974 þegar Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra rauf þing og boðaði til þingkosninga eftir að Björn Jónsson ráðherra, í leyfi frá starfi sínu sem forseti ASÍ, sagði sig úr stjórninni og felldi hana vegna ágreinings um kjaramál.




# Vöknum



**Högni Egilsson**
listamaður og tónskáld



Í fyrradag lýsti Lewis Hamilton, meistari í formúluakstri 1, yfir hneykslun sinni á hvalveiðum Íslendinga á Instagram og gefur upp margar greinargóðar ástæður. Nú þegar hefur yfir milljón sinnum verið horft á þetta myndband og þúsundir hafa gert athugsemdir. Þessi þróun á ekki eftir að hætta. Alþjóðleg jarðumönnunarvakning er að eiga sér stað í heiminum og ef við sendum ekki sterk skilaboð strax um að afturkalla framlengd lög um hvalveiðar þá er okkar stærsti iðnaður í mikilli hættu. Þá getum við auk þess átt von á að útflutningur á fiski (og öðrum vörum) verði lítill sem enginn. Þetta er grundvallarspursmál. Okkar góða orðspor er nýtt og brothætt og getur því horfið jafnskjótt og það varð til.

Við höfum engar tölur eða kannanir sem gera grein fyrir því að þetta hafi aftrað ferðamönnum frá því að koma til íslands. Aftur á móti höfum við skýr merki og teikn á lofti um það að hvalveiðar skaði ímynd Íslands á alþjóðavettvangi. Það þarf ekki nema að gúgla: iceland cnn, eða hvaða stóra alþjóðlega fjölmiðil sem er, til að sjá greinar og myndir um hrottalega grimmd við hvaladráp sem fara eins og eldur í sinu á netinu. Þeir sem skrifa greinargerð eða skýrslu sem segir eitthvað annað eru ekki starfi sínu vaxnir og ættu að víkja umsvifalaust. Það að háskólasamfélagið gefi þetta út er hreinasta hneisa. Hér eru nokkrir punktar:

1. Tap hefur verið á hvalveiðum, bæði á hrefnu og langreyði, alla öldina. Þær eru því ekki efnahagslega sjálfbærar og í raun tilgangslausar.
2. Nýjar rannsóknir á hvölum sýna að þeir gegna margvíslegu líffræðilegu hlutverki og næra heilu vistkerfin í sjónum. Engin dýr á jörðinni binda koltvísýring jafn mikið og hvalir.
3. Innan við 3% af fæðu langreyða er fiskur. Hafró hefur gefið það út að núverandi hvalveiðar hafi engin áhrif til eða frá á fiskistofna. Hugmyndir um að hvalveiðar séu til að skapa manngert jafnvægi standast alls ekki.
4. Stærstur hluti heimsins er á móti þessum veiðum og allar helstu viðskiptaþjóðir Íslands.
5. Einn maður í heiminum hefur leyfi til að veiða langreyðar. Kristján Loftsson hefur í krafti eigna sinna, umsvifa og fjármagns tangarhald á íslenskum stjórnmálamönnum og vefur þeim um fingur sér. Hvalveiðar Íslendinga, sem eru hvalveiðar eins manns, grundvallast því á spillingu og ótta við sjónarmið útlendinga.
6. Hvalveiðar eru mesti „brand killer“ sem Íslendingar hafa komið fram með á þessari öld.

Hér er augljóslega um að ræða brýnt samfélagslegt vandamál sem við höfum ekki þorað að horfast í augu við. Það er að auki morgunljóst að þetta er vitnisburður um spillingu af versta tagi, viðskiptajöfur og stór hagsmunaöfl eru að kaupa sér aðgerðir stjórnvalda til að maka krókinn. Uppskrift að ólígarkasamfélagi að hætti Ameríkana sem við eigum auðvelt með að hneykslast á en er að verða til beint fyrir framan nefið á okkur. Við getum gert betur. Svo miklu betur.

Það krefst styrks að standa hvert með öðru og þetta er einfalt mál sem varðar okkur öll. Mannúð og meðvitund fyrir jörðinni, en líka veraldlegur auður sem við þurfum fyrir framtíð okkar.

Afnám hvalveiða er litla þúfan sem veltir þunga hlassinu. Fórnum ekki hagsmunum Íslendinga fyrir hagsmuni örfárra. Krafturinn býr í fólkinu. Vöknum.

*„... ástin grær*
*rís roði*
*eða er það kannski saltur*
*morgunblær*
*blámi syngur með rámri rödd*
*og minnir okkur á*
*að við erum illa stödd*
*kannski af því að í okkur*
*búa vondar kenndir*
*svartar taktfastar*
*hugans*
*myndir..“*
***högni***



# FERMINGAR

## NÝR SPENNANDI FERMINGARBÆKLINGUR

14" FHD IPS
Ultra-Narrow skjárammi
Intel N4000
2.6GHz Burst Dual Core
4GB minni
DDR4 2400MHz
64GB SSD
eMMC diskur

17+ tímar

5 LITIR

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 119.990

14" FHD IPS
Ultra-Narrow skjárammi
Intel N5000
2.7GHz Pentium Quad Core
8GB minni
DDR4 2400MHz
256GB SSD
M.2 diskur

acer

FERMINGAR SÍMINN Í ÁR!
Komið og skoðið flaggskipið frá OnePlus

6T 8+256GB
OnePlus 6T Midnight Black
114.990

6T 8+128GB
OnePlus 6T Thunder Purple
109.990

OnePlus 6T

**ACER SWIFT 1**
Glæsileg ný kynslóð Ultrathin lúxus fartölva með baklýstu lyklaborði og 17 tíma rafhlöðu
**59.990**
Fartölva úr fisléttu áli með ótrúlegar nýjungar

**ACER SWIFT 1**
Nýja lúxus línan með enn öflugri 4 kjarna örgjörva, ofurnett, fislétt og örþunn úr gegnheilu áli
**99.990**
Öflug lúxus lína sem kemur í 5 glitur litum

**6T 6+128GB**
OnePlus loks fáanlegur á Íslandi með áður óséðan hraða, viðbrögð og einstakar tækninýjungar
**99.990**
Aflæstu hraðanum! Ný kynslóð farsíma

HLEÐSLU HYLKI FYLGIR

**APPLE AIRPODS**
Þessi einu sönnu frá Apple með hleðslu hylki
**25.990**

SALORA

**43" 4K SJÓNVARP**
Fullkomið í fermingarherbergið með Netflix :)
**49.990**

NINTENDO SWITCH

**NINTENDO SWITCH**
Frábær leikjatölva með rauðum og bláum joycon
**49.990**

**PS4 VR GLERAUGU**
Með VR Worlds leik og VR myndavél
**39.990**

**1TB PS4 SLIM**
Sony PS4 með 2.stk stýripinnum
**49.990**

**XBOX ONE S**
Með 2 stýripinnum og Game Pass
**49.990**

**NES MINI HD**
30 frábærir Nintendo leikir innbyggðir
**11.990**

Gjafabréf

**GJAFABRÉF**
Gefðu gjafabréf, það klikkar aldrei:)
**SNILLD!**

**SENDUM FRÍTT**
Um land allt allar vörur allt að 10 kg.

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

4BLS KIPPA ÚT :)

# ÚRVALIÐ ER

## Í TÖLVUTEK ER EITT MESTA ÚRVAL




**15" FHD LED**
1920x1080 ComfyView
**AMD A6-9220**
2.4GHz Turbo Dual Core
**4GB minni**
DDR4 2400MHz
**256GB SSD**
SATA3 diskur

acer

### ACER ASPIRE 3

Glæsileg fartölva með silkiskorið bak úr nýrri línu Acer með FHD skjá og Bluelight Shield tækni

**79.990**

Ný Kynslóð þynnri og léttari fartölva

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 149.990




**14" FHD IPS**
360° fjölsnertiskjár
**Intel i5 8250U**
3.4GHz Turbo Quad Core
**8GB minni**
DDR4 2133MHz
**256GB SSD**
M.2 diskur

acer

### ACER SPIN 3

Ný kynslóð þynnri og glæsilegri fartölva með IPS fjölsnertiskjá sem hægt er að snúa 360°

**129.990**

Fjölhæf fartölva með 360° IPS fjölsnertiskjá

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 169.990




**14" FHD IPS**
1920x1080 snertiskjár
**Intel i7 8550U**
4.0 GHz Turbo Quad Core
**8GB minni**
DDR3 2133MHz
**256GB SSD**
NVMe diskur

acer

### ACER SWIFT 5

Ný Ultrathin kynslóð með 14" IPS-Pro snertiskjá, baklýstu lyklaborði og Hello fingrafaraskanna

**149.990**

Nett aðeins 970gr úr Magnesium áli



2 LITIR

THONET & VANDER

### T&V VERTRAG 2.0

Glæsilegir 46W RMS þráðlausir hátalarar

**14.990**



GARMIN

### VIVOMOVE HR SPORT

Heilsuúr með 24/7 púls-mæli og snertiskjá

**24.990**

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 22.990




SENNHEISER

### SENNHEISER HD 4.50

Þráðlaus heyrnartól með Noise Cancelling tækni

**19.990**



BOSE
2 LITIR

### BOSE SOUNDLINK

Soundlink Revolve þráðlaus hátalari

**24.990**



GAMING
logitech

### 2.1 HÁTALARAR

G560 með RGB Lightsync tækni

**49.990**



Trust

### ÞRÁÐLAUS PAXO

Þráðlaus Noise Cancelling heyrnartól

**9.990**



NÝ ÚTGÁFA
VATNSVARIÐ
CE STAÐLAÐ

WONLEX

### GPS KRAKKAÚR

Fullkomlega örugg úr fyrir alla krakka!

**9.990**

acer



### 10" SPJALDTÖLVA

Acer Iconia 10" FHD, 32GB, spjaldtölva

**29.990**

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 28. FEBRÚAR 2019



**Harry prins og Meghan hafa verið á ferðalagi um Marokkó undanfarna daga. Þau eru geislandi hamingjusöm og vekja mikla athygli hvar sem þau koma.** →4




Í verslun FJALLAKOFANS vinnur vandað, þjónustulundað og faglegt starfsfólk sem tekur vel á móti viðskiptavinum. MYND/ERNIR

# Sterkari liðsheild skilar frábærum árangri

FJALLAKOFINN er ein af öflugustu og skemmtilegustu útivistarverslunum landsins. Í dag byrjar árleg og landsfræg vorútsala verslunarinnar þar sem boðið verður upp á flottan vetrarfatnað frá þekktum framleiðendum. →2

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.





Halldór Hreinsson, forstjóri og eigandi FJALLAKOFANS, hefur haft svo mikið að gera undanfarið að hann hefur ekki enn fundið tíma til að raka sig. Árleg vorútsala FJALLAKOFANS hefst í dag fimmtudag. MYND/ERNIR

Framhald af forsíðu ➪

Svo mikið hefur gengið á í verslunum FJALLAKOFANS það sem af er þessu ári að eftir því hefur verið tekið. Okkur lék því forvitni á að vita hvað valdi svona mikilli verslun í upphafi þessa árs og leituðum til Halldórs Hreinssonar, forstjóra og eiganda FJALLAKOFANS.

Halldór segir það fyrst og fremst vera snjóinn, sem komið hefur alveg heim að dyrum Reykvíkinga og annarra landsmanna, sem hafi valdið mikilli söluaukningu á skíðabúnaði og tengdum vörum í ár. „Fyrir vikið hafa mjög margir ákveðið að láta draum sinn rætast og fjárfest í skíðabúnaði fyrir sig og fjölskyldu sína. Við tókum smá áhættu þegar við tvöfölduðum magnið af skíðabúnaði í verslunum okkar frá því í fyrra. Auk þess fjárfesti ég ekki síður í vönduðu, þjónustulunduðu og faglegu starfsfólki sem hefur getað mætt þessari umframeftirspurn sem er alveg búin að vera meira en tvöföldun á við síðasta vetur.“



SCARPA skórnir eru sterkasta vörumerki FJALLAKOFANS.

## Hátt þjónustustig

FJALLAKOFINN hefur boðið upp á frábært verð á vinsælum skíðapökkum, hvort sem það er fyrir foreldrana, krakkana eða ömmur og afa, segir Halldór. „Ekki má gleyma gönguskíðaæðinu sem hefur tekið fram úr fjallaskíðaæðinu hvað vinsældir varðar á þessum fyrstu tveimur mánuðum. En svo eiga fjallaskíðin vafalaust eftir að koma mjög sterk inn í apríl og út maímánuð.“

Til að anna þessum fjölda fólks sem streymir inn í FJALLAKOFANN þarf að vanda valið á góðu og hæfu starfsfólki, segir Halldór. „Það hefur verið eitt að aðaláhersluatriðum fjölskyldunnar í rekstri FJALLAKOFANS að velja til starfa vandað fólk og gera vel við það. Starfsfólk okkar þarf að geta staðist þær væntingar sem viðskiptavinir FJALLAKOFANS gera til okkar allra enda má segja að viðskiptavinir okkar séu um leið vinnuveitendur okkar. Við höfum ráðið inn sterka einstaklinga sem koma til með að styrkja stöðu FJALLAKOFANS enn frekar.“

## Spennandi nýjungar

Í vor kynnir FJALLAKOFINN til sögunnar margar nýjungar, bæði í skíðadeildinni og í útivistinni, en þar ber helst að nefna stærsta vörumerkið í útivistinni, PATAGONIA, en vörur frá því koma í verslanir þann 1. apríl. „Í kjölfarið á PATAGONIA kemur eitt stærsta bakpokamerki heims, GREGORY, sem verður aðalflaggskip FJALLAKOFANS í bakpokum enda ráðandi á mörkuðum erlendis vegna gæða, hönnunar, notagildis og endingar. Ekki má gleyma að nefna KÄSTLE sem ég hef þekkt frá árum mínum hjá Skátabúðinni en þeir ætla sér stóra hluti í gönguskíðaheiminum. Svona gæti ég haldið lengi áfram en í raun er nauðsynlegt fyrir alla sem unna útivist og útiveru að kíkja reglulega til okkar í FJALLAKOFANN sem er viðurkennd ein af öflugustu og skemmtilegustu útivistarverslunum landsins.“

## Landsfræg vorútsala

Undanfarna daga hafa starfsmenn FJALLAKOFANS verið að hreinsa til fyrir vorið og byrjar því landsfræg vorútsala verslunarinnar í dag, fimmtudaginn 28. febrúar. „Þar verður mikið af flottum útivistarbúnaði frá heimsþekktum framleiðendum á frábæru tilboði. Ekki má gleyma að á útsölunni verður enn hægt að fá eitthvað af skíðabúnaði sem eftir er á frábæru verði.“



”Þar verður mikið af flottum útivistarbúnaði frá heimsþekktum framleiðendum á frábæru tilboði.





Í vor kynnir FJALLAKOFINN til sögunnar margar nýjungar, bæði í skíðadeildinni og í útivistinni, en þar ber helst að nefna vörumerkið PATAGONIA.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir
Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 550 5768
Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Geislandi Meghan í Marokkó

Hertogahjónin af Sussex, Harry prins og Meghan Markle, hafa undanfarna daga verið á ferðalagi um Marokkó. Meghan, sem á von á sínu fyrsta barni í lok apríl, blómstrar á meðgöngunni.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Meghan Markle sem er 37 ára er sannarlega glæsileg og vekur hvarvetna athygli þar sem hún kemur ásamt eiginmanni sínum, Harry. Konungleg heimsókn hjónanna til Marokkó hófst á laugardag en það var krónprinsinn Moulay Hassan, 15 ára, sem tók á móti þeim. Harry og Meghan sátu glæsilegar veislur þar sem hún skartaði dýrindis hönnunarkjólum, meðal annars hjá konunginum, Mohammed VI. Einnig lá leið þeirra í barnaskóla þar sem þau heilsuðu upp á börnin og kennara þeirra. Þá heimsóttu þau þarlenda jafnréttisstofu sem berst fyrir jöfnum rétti kynjanna til náms.

Íbúar fögnuðu hjónunum hvar sem þau komu og veifuðu fánum. Þau virtust afslöppuð og hamingjusöm. Sautján ára gömul stúlka, Samira, gaf Meghan hennatattú á hægri hönd til að fagna því að hún væri barnshafandi en það er siður í Marokkó. Tattúið á að færa barninu hamingju.



Sportklæðnaðurinn var tekinn fram þegar þau heimsóttu hestabúgarð en þar fer fram stuðningur við börn með sérþarfir.

Sumir hafa spurt hvort það sé í lagi fyrir konu komna þetta langt á leið að vera á slíku ferðalagi. Talsmaður hallarinnar segir að það sé í lagi að ferðast flugleiðis allt að 36. viku meðgöngu. Þetta er ekki fyrsta ferð Meghan á meðgöngunni því þau hjónin fóru í 16 daga konunglega ferð til Ástralíu, Nýja-Sjálands, Tonga og Fídjí í október. Þá fór Meghan til New York í síðustu viku til að hitta vinkonur sínar. Það má því með sanni segja að þetta séu annasamir dagar hjá hertogaynjunni.



Í glæsilegum rauðum kjól frá Valentino þegar hún kom á flugvöllinn í Casablanca í Marokkó.



Svartur kjóll frá Loyd/Ford og hvítur jakki yfir. Meghan þykir alltaf einstaklega smekklega klædd og lætur óléttuna ekkert breyta því. Þarna eru þau hjón á leiðinni í heimsókn í Andalusian-garðinn í Marokkó.



Hjónin voru bæði bláklædd þegar þau fóru í konunglega veislu hjá konungi Marokkó, Mohammed VI. Meghan var í kjól frá Carolina Herrera. Takið eftir bláu skónum hans sem eru í stíl við kjólinn hennar.



Meghan var í fallegum kjól frá Dior, skreyttum steinum þegar hún heimsótti sendiherra Bretlands í Marokkó.



Henna-tattú sem Meghan fékk að gjöf í Marokkó sem á að færa ófæddu barni hennar lukku.

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.790 kr.*
NAUTAKJÖT Í OSTRUSÓSU
KJÚKLINGUR Í KARRÝSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI
*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is

Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022


SMART FÖT,
FYRIR SMART KONUR
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS
My Style tískuhús
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464


HAFRAMJÓLK
FRÁBÆR Í
KAFFIÐ OG
FLÓAST VEL
MINOR
FIGURES
OAT M*LK
BARISTA SUPPLIES
Dairy free alternative
to milk and soy
Foamable
Suitable for vegans
Source of calcium
1 Litre ℮
FÆST NÚ Í KRÓNUNNI

# Töfrandi og sætar tásur





## Vel naglalakkaðar tásur eru skvísulegar og kvenlegt að sjá glitrandi neglur gægjast fram á fallegum fæti.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Það er ágætt að koma sér upp skemmtilegri dekurrútínu til að gera tásurnar ómótstæðilegar. Leyfa uppáhaldstónlistinni að líða um hlustirnar og skapa aðstæður sem valda vellíðan og gleði.

Til að halda tánöglunum fallegum og heilbrigðum er gott að bera á þær vaselín, möndluolíu eða shea butter. Það mýkir þær og heldur naglaböndunum fínum. Til að fjarlægja gamalt naglalakk er ráðlegt að nota naglalakkseyði án asetons þar sem aseton þurrkar neglurnar og getur gert þær hrjúfari. Þá er bíótín gott B-vítamín fyrir neglur og táneglur.

Gott er að klippa táneglurnar vikulega. Langar táneglur eru óþægilegar í skóm og auka líkur á að neglurnar klofni, og of stuttar neglur auka hættu á inngrónum tánöglum. Klipptu þær líka beint í stað þess að hafa þær bogadregnar til að varna inngróningi. Þegar notuð er naglaþjöl á táneglurnar skal ávallt strjúka í eina átt til að varna sprungum og því að þær verði skörðóttar. Aldrei skal klippa naglaböndin því hlutverk þeirra er að varna húðsýkingum. Þá er sniðugt að nota tannbursta til að hreinsa undir tánöglum. Setja svolitla sápu í tannburstann í sturtunni og skrúbba neglurnar varlega. Til að lýsa þær aðeins er ráð að nota á þær tannkrem.

### Lakkað af list

Þegar kemur að því að naglalakka tásurnar er fyrsta vers að ýta naglaböndunum varlega niður og bera svo grunnlakk á táneglurnar. Það skapar sterkara undirlag á milli naglar og naglalakks og eykur endingu verksins. Grunnlakk ver neglurnar líka fyrir blettum þegar naglalakkið er fjarlægt.

Berið á naglalakk að eigin vali í þremur strokum og byrjið í miðjunni en síðan út til hliðanna. Setjið vel í pensilinn og dreifið naglalakkinu yfir neglurnar af natni. Að síðustu er borið á yfirlakk til að auka gljáa og endingu.

Fjarlægið mistök með bréfþurrku eða litlum bursta og notið naglalakkseyði til að hreinsa burt naglalakk sem smitaðist út fyrir.

Varist að fara með tærnar í heitt vatn eftir að hafa lakkað táneglurnar. Það getur valdið því að neglurnar þenjist út og sprungur komi í lakkið.

Það er gaman að geta valið úr litadýrð naglalakka og lakka tærnar í stíl við fatnað eða tilefni hverju sinni. Mundu að glitrandi naglalakk endist lengur á tánöglunum en annað.

Notið naglalakk sem er „three-free“. Það þýðir að naglalakkið inniheldur ekki formaldehýð, tólúen eða þalöt, sem allt eru skaðleg efni.

Málið táneglurnar í stíl við persónuleikann. Ef feimin, er kannski ekki málið að vera með neon appelsínugult naglalakk, en allir geta fundið sinn stíl fyrir töfrandi táneglur.

Það er gaman að vera skapandi og hanna eigin munstur á táneglurnar. Límmiðar og límbönd eru tilvalin til þess. Setjið þá grunnlakk á neglurnar og látið þorna vel. Notið límmiða eða límband til skapa munstur í öðrum lit, til dæmis línur, stjörnur eða að skipta nöglinni með sitt hvorum litnum frá miðju.



Sköpunarkraftinum halda engin bönd þegar kemur að heillandi litadýrð.





TOMMY HILFIGER



Tommy Hilfiger úrin fást hjá eftirtöldum verslunum:

GÞ. skartgripir & úr, Bankastræti 12, Michelsen úrsmiðir, Kringlunni 8-12, Jón & Óskar, Laugavegi 61, Jón&Óskar Kringlunni 8-12, Jón&Óskar Smáralind. Meba Kringlunni 8-12 og Meba Smáralind. Klukkan Hamraborg.

Halldór Ólafsson Glerártorgi Akureyri. Klassík Egilstöðum. Guðmundur B. Hannah Akranesi. Karl R. Guðmundsson Selfossi.

# Útfarir

FIMMTUDAGUR 28. FEBRÚAR 2019

**Kynningar:** Frímann og Hálfdán – útfararþjónusta, Garðheimar



## Fagleg þjónusta fyrir syrgjendur

Frímann og Hálfdán – útfararþjónusta hefur verið starfrækt í 17 ár. Þekking og fagmennska er einkunnarorð fyrirtækisins. Starfsmenn aðstoða aðstandendur við allt er viðkemur útförinni.

**Hálfdán Hálfdánarson, Ólöf Helgadóttir og Frímann Andrésson veita persónulega útfararþjónustu af mikilli fagmennsku. Auk þess er boðið er upp á vandaðar kistur og duftker.** MYND/STEFÁN




Frímann Andrésson
Útfararstjóri
Sími: 897 2468



Hálfdán Hálfdánarson
Útfararstjóri
Sími: 898 5765



Ólöf Helgadóttir
Útfararþjónusta
Sími: 898 3075

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Stapahrauni 5, Hafnarfirði | 565 9775
www.uth.is | uth@uth.is




Frímann, Ólöf og Hálfdán hafa langa reynslu af útfararþjónustu. Þau veita alla aðstoð frá upphafi til enda er varðar útför. Þau leggja áherslu á fagmennsku, þekkingu og reynslu. MYND/STEFÁN

Útfararþjónustan var stofnuð árið 2002 af hjónunum Hálfdáni Hálfdánarsyni og Ólöfu Helgadóttur. Árið 2015 bættist Frímann Andrésson í hópinn en hann hefur starfað við útfarir í 24 ár. Í fyrstu hét fyrirtækið Útfararþjónusta Hafnarfjarðar en því var breytt í Frímann og Hálfdán – útfararþjónusta enda þjónusta þeir allt höfuðborgarsvæðið og nærliggjandi sveitarfélög.

„Fyrirtækið byrjaði sem líkkistuvinnustofa. Við bæði framleiðum og flytjum inn vandaðar líkkistur sem við seljum um allt land. Hálfdán er menntaður smiður og sér um vinnustofuna, Ólöf er með bókhald og saumastofu. Við sérsaumum sængur og kodda ásamt fóðri í kisturnar. Sjálfur tek ég á móti fólki og aðstoða við allt er viðkemur útförinni og saman sinnum við svo athöfnunum,“ útskýrir Frímann. „Sérstaða fyrirtækisins er sú að við bjóðum allt á einum stað og leggjum okkur fram um að öll umgjörð sé í lagi, jafnt viðmót sem öryggi, fagmennska og snyrtimennska. Þá erum við alltaf með nýja og fallega bíla í okkar þjónustu,“ segir Frímann og bendir á að nýr Cadillac líkbíll hafi verið keyptur fyrir rúmu ári og í byrjun mánaðarins hafi verið skipt út Ford líkflutningabifreið til að sjá um flutning af dánarstað.

Hann segir að sjálfar athafnirnar séu yfirleitt svipaðar í uppsetningu. „Annaðhvort er kista jarðsett í kirkjugarði eða það er bálför en þær hafa aukist mjög mikið á undanförnum árum. Bálfarir eru núna um helmingur útfara. Mér sýnist að fólk á öllum aldri sé farið að huga frekar að bálför þegar tíminn kemur. Þá eru margir sem óska þess að duftker verði jarðsett í leiði nákomins ættingja. Það hefur t.d. færst í vöxt að duftker séu grafin í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu og í Fossvogskirkjugarði,“ upplýsir Frímann og bætir við að allt að átta duftker komist fyrir í kistuleiði þannig að úr verði fjölskyldugrafreitur. Svo eru auðvitað duftreitir í flestum kirkjugörðum sem eru eingöngu fyrir duftker.

## Veita fyrstu aðstoð

Útfararþjónustan er staðsett í Stapahrauni 5 í Hafnarfirði. Þar er góð aðstaða til að taka á móti aðstandendum hins látna. Frímann segir að hann fari líka heim til fólks sé þess óskað. Oft þarf að sinna mörgum aðkallandi málum en Frímann er vanur því að umgangast fólk á sorgarstundum. Hann segir að starfið geti oft verið erfitt, sérstaklega þegar fólk fellur frá í blóma lífsins. „Fólk getur alltaf hringt til okkar og fengið upplýsingar,“ segir Frímann og bætir við að þeir komi á dánarstað og veiti fyrstu aðstoð. Stundum þurfi að flytja hinn látna í heimabyggð hafi hann látist fjarri henni.

## Líkkistur og duftker

Frímann segir að það geti verið mikill munur á kistum eftir útfararþjónustum. „Við erum með töluvert úrval og góðar upplýsingar á heimasíðunni okkar uth.is. Fólk gerir sér auðvitað ekki grein fyrir gæðamuni á líkkistum en það er gott að kynna sér málin. Við leggjum mikla áherslu á að vera með vandaða vöru,“ segir hann. „Fyrir nokkrum árum var reglum breytt þannig að nú má bara hafa lítið magn málms í kistunum, hvort heldur valin er bálfararleiðin eða jarðsetning kistu. Við aðstoðum fólk við valið og veitum persónulega þjónustu. Auk þess erum við með fjölbreytt úrval duftkera. Algengust eru vistvæn duftker sem eyðast í jarðveginum á nokkrum árum. Hugsunin er sú að askan og kerið samlagist moldinni á umhverfisvænan hátt.“

## Öll þjónusta á einum stað

Frímann segir að útfararþjónustan annist allt fyrir aðstandendur hins látna, allt frá andláti þar til viðkomandi hefur verið jarðsettur. „Við vinnum alltaf í nánu samstarfi við aðstandendur. Þetta eru mörg handtök sem þarf að sinna og við spörum fólki þau spor. Oftast hefur fólk ákveðnar skoðanir á presti og tónlist en við getum leiðbeint með þá hluti líka. Auk þess látum við prenta fallega sálmaskrá og pöntum blóm,“ segir Frímann sem hefur starfað við útfararþjónustu frá því hann var 23 ára og hefur því víðtæka reynslu og þekkingu. „Við leggjum okkur fram um að veita persónulega þjónustu og ég fylgi fólki í gegnum allt ferlið sem hefur reynst aðstandendum best.“

Þegar Frímann er spurður hvort breyting hafi orðið á erfidrykkjum svarar hann því neitandi. „Í rauninni ekki. Það hefur aðeins aukist að fólk velji að hafa jarðarför í kyrrþey. Sömuleiðis hefur aðeins aukist að erfidrykkur séu minni um sig, þá er boðið upp á konfekt og kleinur í stað hnallþóra og heitra rétta,“ segir hann.

Nánar er hægt að skoða þjónustuna sem Frímann og Hálfdán – útfararþjónusta veitir á heimasíðunni uth.is eða koma við í Stapahrauni 5, Hafnarfirði, sími 565-9775. Skrifstofan er opin frá 8-17 virka daga, en þjónusta er allan sólarhringinn og um helgar. Netfang: uth@uth.is



Nýjasti bíllinn hjá Frímanni og Hálfdáni – útfararþjónustu er glæsilegur.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653, | Veffang: frettabladid.is

# BÓNUS®




**198** kr. 250 g

**Cessibon Jurtarjómi**
250 g

10 stk. BOLLUR




**549** kr. 10 stk.

**Bónus Vatnsdeigsbollur**
10 x 25 g

1 lítri




**959** kr. 1 l

**MS Rjómi**
1 lítri

VEGAN




**198** kr. 2 stk.

**Bónus Vegan Bollur**
Með dökkum hjúp, 2 stk.

## SAMA VERÐ UM LAND ALLT




**198** kr. 450 g

**ES Jarðarberjasulta**
450 g




**395** kr. 284 g

**St. Dalfour Sultur**
284 g, 3 tegundir



Verð gildir til og með **3. mars** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Íslenskt lambakjöt á SPRENGIDAGINN

# SAMA VERÐ UM LAND ALLT




**1.098** kr. kg

**SS Saltkjöt**
Blandað

BITAR ÚR FRAMHRYGG




**1.898** kr. kg

**SS Saltkjöt**
Valið




**579** kr. kg

**Kjarnafæði Lambasaltkjöt**
2. flokkur




**1.298** kr. kg

**Kjarnafæði Saltkjöt**
Blandað

BITAR ÚR FRAMHRYGG




**1.998** kr. kg

**Kjarnafæði Saltkjöt**
Valið



**298** kr. kg

**Kjarnafæði Lambasíður**
Saltaðar

BLANDAÐ




**998** kr. kg

**Íslandslamb Saltkjöt**
Blandað

45% minna salt sama bragð




**1.098** kr. kg

**Íslandslamb Saltkjöt**
Saltskert, blandað

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS






1kg

NÝTT Í BÓNUS

FULLELDAÐ
Aðeins að hita

1.598
kr. 1 kg

**Baunasúpa og Saltkjöt**
1 kg, fulleldað

250g




359
kr. 250 g

**Bónus Beikon**
Pressað, 250 g




129
kr. 500 g

**Heima Gular baunir**
500 g

Ómissandi í
BAUNASÚPUNA




398
kr. 500 g

**Bónus Beikonkurl**
Íslenskt, 500 g

Íslenskt
GRÍSAKJÖT
af nýslátruðu




1.598
kr. kg

**SG Grísalundir**
Kryddlegnar, af nýslátruðu

LÁGT VERÐ
ALLA DAGA

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

40g




**59**
kr. 40 g

**Pringles Hot & Spisy**
40 g

1 lítri




**129**
kr. 1 l

**Coca Cola**, 1 l
**Coca Cola Zero**, 1 l

1 lítri




**129**
kr. 1 l

**ES Appelsínusafi**, 1 L
**ES Eplasafi**, 1 L




**39**
kr. 200 ml

**ES Ávaxtasafi**
200 ml, 3 tegundir



**12 RÚLLUR**
3ja laga




**698**
kr. pk.

**ES Salernispappír**
3ja laga, 12 rúllur

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Blómin veita sálusorgun

**Hjá Garðheimum starfa fimm faglærðir og reynslumiklir blómaskreytar. Aðstandendur og vinir eru því í góðum höndum þegar kemur að því að velja kransa, kistuskreytingar eða duftkersskreytingar en slíkar skreytingar eru að verða æ algengari.**



„Starfsfólk Garðheima veitir framúrskarandi þjónustu,“ segir Jóhanna Margrét Hilmarsdóttir, deildarstjóri blómabúðar Garðheima. MYND/STEFÁN

Við leggjum okkur fram um að veita framúrskarandi þjónustu, hlustum á óskir fólks og leiðbeinum með val á blómum og skreytingum sé þess óskað,“ segir Jóhanna Margrét Hilmarsdóttir, deildarstjóri blómabúðar Garðheima. Hjá Garðheimum má fá allar þær skreytingar sem tengjast útförum, kransa, krossa, kistuskreytingar, blómvendi og aðrar blómaskreytingar.

## Hluti af starfinu að sinna sálusorg

Nánustu aðstandendur, ættingjar og vinir geta hringt og pantað eða komið niður í Garðheima og fengið faglega þjónustu. „Oft er fólk að standa í þessum sporum í fyrsta sinn og hefur aldrei þurft að sjá um eða einu sinni hugleiða útför. Fólk er oft í mikilli sorg og erfitt að þurfa að standa frammi fyrir mörgum valkostum. Þá er gott að geta leitað til okkar sem höfum reynslu í þessum efnum,“ segir Jóhanna og tekur fram að aðstaðan í Garðheimum sé til fyrirmyndar. „Hér má setjast niður í rólegheitum, skoða möppu með myndum og starfsmaður hjálpar við valið ef þarf. Stundum þurfum við að bregða okkur í hlutverk sálusorgara og oft hafa fallið tár hjá starfsmönnum en það er hluti af starfinu.“

## Hvíti liturinn áberandi

Algengasta spurning viðskiptavina snýst um litaval. „Sumir vilja hafa litríkt, sérstaklega við útfarir eldra fólks. Sumir velja uppáhaldslit þess látna en algengasti liturinn er hvítur með grænum greinum. Ef aðrir litir eru valdir er þeim oft blandað við hvít blóm,“ segir Jóhanna. Starfsfólk getur einnig aðstoðað við val á texta sem prentaður er á borða. „Við bjóðum upp á ákveðnar hugmyndir en svo er líka mjög fallegt þegar fólk kemur með eitthvað beint frá hjartanu.“

## Duftkersskreytingar æ algengari

Þótt algengustu skreytingarnar séu kistuskreytingar, kransar og altarisvendir hafa duftkersskreytingar færst mjög í aukana að sögn Jóhönnu. „Á Íslandi eru útfarir yfirleitt með kistunni en ef kistan er brennd er síðar haldin lítil athöfn með nánustu ættingjum þegar duftkerið er jarðað. Þá er fólk að taka hjá okkur litla kransa, hjörtu eða kross sem sett eru á leiðið. Skreytingarnar eru þá allar miklu smærri.“

> **Stundum þurfum við að bregða okkur í hlutverk sálusorgara og oft hafa fallið tár hjá starfsmönnum en það er hluti af starfinu.**



Fagurlega skreyttur krans.

## Skjót þjónusta

Hjá Garðheimum starfa fimm faglærðir blómaskreytar ásamt reynslumiklum skreytum. Það er alltaf nóg að gera á blómaverkstæðinu enda sinna starfsmenn margvíslegum verkefnum sem tengjast bæði gleði og sorg.

Boðið er upp á skjóta þjónustu en þó er mælt með að minnsta kosti tveggja daga fyrirvara fyrir jarðarfararskreytingar, sér í lagi þegar prenta þarf á borða. „Hins vegar getum við líka brugðist hratt við þegar mikið liggur við enda oft sem jarðarfarir eru auglýstar fremur seint.

Jóhanna vill benda á að hægt er að skoða úrval skreytinga á gardheimar.is. „Hins vegar þarf fólk að vera meðvitað um að blóm eru árstíðabundin og ekki alltaf hægt að fá nákvæmlega það sem er á myndunum, en við reynum alltaf að gera okkar besta í samráði við viðskiptavini okkar.“



Litir eru oft notaðir í bland við hvítan og koma fallega út á hérna.



Falleg skreyting fyrir duftker.



Notkun duftkera verður æ meiri.



**Hægt er að skoða meira úrval af skreytingum á gardheimar.is.**

## Þakklæti, virðing og samúð

Útför er kveðjuathöfn samfélagsins. Við útfarir sýnir fólk hinum látna þakklæti sitt og virðingu og aðstandendum samúð.

Útför getur verið tvenns konar:

Greftrun/jarðarför, en þá er kistan borin til grafar að lokinni útfararathöfn og jarðsett í kirkjugarði eða óvígðum reit.

Bálför. Að lokinni útfararathöfn er kistan brennd og aska hins látna sett í duftker sem ýmist er jarðsett í duftreit, ofan í leiði eða óskunni dreift.

Útför getur ekki farið fram nema staðfesting sýslumanns á viðtöku dánarvottorðs liggi fyrir.

Þegar útför fer fram í kyrrþey eru aðeins nánustu aðstandendur og vinir viðstaddir. Þá er ekki tilkynnt um andlát fyrr en að lokinni útför.

Útfarir á vegum þjóðkirkjunnar fara fram í samræmi við helgisiðabók og handbók íslensku kirkjunnar. Útfarir í þéttbýli og strjálbýli eru í grundvallaratriðum með svipuðu sniði, í samræmi við hefðir.

## Góðmeti í ísskápnum

Þegar andlát ber óvænt að garði riðlast eðlilega líf aðstandenda mikið og matarvenjur fara gjarnan úr skorðum. Vinir og ættingjar gætu þá komið til hjálpar, meðal annars með því að færa þeim góðan og einfaldan mat sem gott er að grípa í við tækifæri. Hér er uppskrift að einföldum og góðum pottrétti sem auðvelt er að hita upp í smærri skömmtum.

### Pottréttur

Fyrir 8

**4 sneiðar beikon, skornar í litla munnbita**
**900 g beinlaust gott lambakjöt, skorið í hæfilega munnbita**
**½ msk. salt fyrir kjötið og 1 tsk. fyrir pottréttinn**
**1 tsk. svartur pipar fyrir kjötið og ½ tsk. fyrir pottréttinn**
**¼ bolli hveiti**
**1 stór laukur, skorinn í þunnar sneiðar**
**4 hvítlauksgeirar, kramdir**
**1½ bolli rauðvín**
**450 g sveppir, skornir í litla munnbita**
**4 bollar kjötsoð (eða vatn og teningur)**
**1 msk. tómatkraftur**
**2 lárviðarlauf**
**½ tsk. timían**
**700 g kartöflur, skornar í hæfilega munnbita**
**4 gulrætur, skornar í bita**
**¼ bolli steinselja, smátt skorin**

Hitið ofn í 170 gráður. Steikið beikonið á stórri pönnu, þerrið og setjið á disk. Geymið feitina á pönnunni. Kryddið kjötið með salti og pipar. Stráið hveitinu yfir og hrærið saman. Brúnið kjötið úr beikonfeitinni í 2-3 skömmtum. Færið jafnóðum á diskinn með beikoninu. Bætið lauknum á pönnuna, steikið í 2 mín. og bætið hvítlauknum út í. Hrærið á meðan. Bætið víninu út í og skafið af botninum meðan hrært er. Næst fara sveppir út í. Sjóðið í 10 mín. Færið kjöt og beikon á pönnuna, bætið kjötsoðinu við, tómatkraftinum, salti og pipar, timíani og lárviðarlaufum. Hrærið saman og hellið í eldfast mót. Kartöflur og gulrætur fara næst út í. Hyljið fatið með álpappír og steikið í ofni í 1 klst. og 45 mín. Stráið steinseljunni yfir.

## Fjölbreyttur klæðnaður við kistulagningu

Í lokaverkefni Önnu Bjargeyjar Gunnarsdóttur við Félags- og mannvísindadeild Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands um fataval við kistulagningu á Íslandi í nútímanum frá 2016 kemur fram að fatnaður látinnar manneskju er oft látinn spegla hana eins og hún var í lifanda lífi. Hvít línklæði og náttföt eru ekki notuð í eins ríkum mæli og áður. Hefðir virðast ekki ráða för í vali á fatnaði þeirra látnu, heldur ræður persónuleiki þeirra og hvernig þau klæddu sig í lifanda lífi för.

Var klæðnaður fjölbreyttur, sumir kveðja í jogginggalla, leggings, bol, vinnuskyrtu, skátabúningi, leðurvesti og sumir í náttfötum. Klæðnaður var oftast valinn af eftirlifendum en aðeins 12 prósent höfðu valið fötin sín sjálf. Fjögur prósent sögðu að hefð hefði ráðið för.

Í verkefninu kemur fram að fataval fyrir kistulagningu virðist breytast mjög hratt og eins og útfararþjónn og útfararstjóri bentu á var um helmingur árið 2014 sem var klæddur í sín eigin föt en ekki hefðbundin líkklæði eins og áður hefur tíðkast.



**Hlýtt teppi, vettlingar eða ullarsokkar sem eftirlifendur klæða þann látna í lýsir hlýju þeirra til hans/hennar segir í verkefni Önnu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



# Útfararstofa Íslands

Flestir þurfa einhvern tímann að horfast í augu við dauðann. Að missa ástvin eða ættingja er eitt það erfiðasta sem við göngum í gegnum. Tilfinningar eru margvíslegar. Sorgin er eðlileg viðbrögð. Óhjákvæmilega þarf þá að huga að þeim þáttum er snúa að útför þess látna.

Spurningarnar eru margar. Þá er gott að geta leitað til aðila sem hafa þekkingu og reynslu á þeim þáttum. Við hjá Útfararstofu Íslands búum yfir þessari reynslu og höfum starfað við útfararþjónustu um árabil.




Skrifstofa Útfararstofu Íslands er til húsa í Auðbrekku 1, 200 Kópavogi.

*Þar er einnig góð aðstaða sem prestar og aðstandendur geta rætt saman í næði.*

**Skrifstofan er opin frá 8.00 til 17.00** virka daga, en þjónusta er allan sólarhringinn og um helgar.

**Sími: 581-3300 og 896-8242**

**www.utforin.is**

# LEGSTEINAR

## Í MIKLU ÚRVALI














GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

# King fékk Óskar í Oscar

**Regina King hlaut Óskarsverðlaun um daginn sem besta leikkona í aukahlutverki. Hún var stórglæsileg að vanda á rauða dreglinum í hvítum kjól með hárri klauf frá Oscar de la Renta.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Regina King kom, sá og sigraði á Óskarsverðlaunahátíðinni á sunnudaginn þegar hún hreppti verðlaun sem besta leikkona í aukahlutverki fyrir leik sinn í If Beale Street Could Talk.

King þótti bera af í glæsileik og jafnvel slá Angelinu Jolie út þegar kom að því að skarta hárri klauf í hvítum kjólnum frá Oscar de la Renta. Leikkonan hefur vakið athygli tískuspekúlanta undanfarið fyrir glæsilegan klæðnað á hinum ýmsu verðlaunahátíðum og hér má sjá nokkra kjóla sem hún hefur klæðst á rauðu dreglunum.

King vakti fyrst athygli árið 1985 þegar hún lék í sjónvarpsþáttunum 227. Síðan hefur hún komið víða við, bæði sem leikkona og leikstjóri. Hún hefur leikið í bíómyndum á borð við Boyz n the Hood, Jerry Maguire, Enemy of the State, Legally Bonde 2, Miss Congeniality 2 og A Cindarella Story. Af þáttum má helst nefna Leap of Faith, The Boondocks, 24, Southland, Shameless, The Leftovers, Seven seconds og nú síðast í Watchmen.



King var að vonum kát og sýnir hér Óskarsstyttuna góðu íklædd hvíta kjólnum frá Oscar de la Renta.



Í bleikum glimrandi frá Alberta Ferretti á Golden Globe-hátíðinni þar sem hún hlaut einnig verðlaun.



Regina King er alltaf glæsileg.



Í BAFTA-teboði í janúar.



Í BAFTA-kvöldverði í byrjun febrúar.



Í bleikum Versace-kjól í Royal Albert Hall í febrúar.



Sólarmegin í gulum kjól á kvikmyndahátíðinni Palm Springs International Film Festival í janúar 2019.







Allt að
50%
af völdum vörum í dag!
NÝJAR VÖRUR OG
FRÁBÆR TILBOÐ Í DAG
í verslunum - Opið til kl 22 í Kringlunni í tilefni Konukvölds
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
JAKKI
19.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
5.990kr
st. S-XXXL
Skoðaðu úrvalið og pantaðu á
ZIKZAKVERSLUN.IS
KJÓLL
3.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
5.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 4.990
NÚ 3.990
st. S-XXXL
BLÚSSA
6.990kr
st. 42-56
TÚNIKA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.490
st. 38-52
PEYSA
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.490
st. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL
SKYRTA
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.490
st. XS-XXXL
TÚNIKA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.490
st. 38-52
TÚNIKA
ÁÐUR 3.990
NÚ 2.490
st. S-XXXL
www.zikzakverslun.is
Tískuhús Zik Zak
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314



Mesta skvísa allra tíma.

## Fegrunarráð Marilyn Monroe

Kvikmyndastjarnan og kynbomban Marilyn Monroe lumaði á mörgum fegrunarráðum sem nútímakonur geta enn tileinkað sér.

Hún skolaði hár sitt reglulega upp úr bjór en í ölínu er bæði sykur og B-vítamín sem gefa hárinu aukna þykkt og gljáa.

Marilyn var þekkt fyrir fagran stút á munni og málaði varir sínar oft eldrauðar. Leyndarmál hennar var þó að nota fleiri en einn litatón og stundum samanstóð liturinn á vörum hennar af fimm mismunandi varalitum og svo gljáandi glossi til að gefa fagurskköpuðum vörunum enn meiri dýpt og fyllingu.

Til að láta lokkandi augun líta út fyrir að vera stór, áberandi og vel vakandi notaði Marilyn hvítan augnblýant á innri hvarmana, og sú tækni blífur svo sannarlega enn í dag.



Svolítið Mary Poppins fatastíll í vetrartísku Dior 2019-2020.

## Dior í París

Tískusérfræðingar flykkjast nú til Parísar þar sem stærstu tískumerkin sýna haust- og vetrartískuna 2019-2020. Tískuvikan í París hefur mikið aðdráttarafl fyrir þá sem vilja fylgjast sem best með tískunni en hún stendur til 5. mars. Veðrið í borginni var óvenju gott miðað við árstíma og vor í lofti. Meðal þeirra sem sýndu á þriðjudag var Christian Dior en þar kenndi ýmissa grasa. Stórar köflóttar kápur voru áberandi en líka fallegir einlitir jakkar eins og á myndinni. Hattar eru ómissandi í vetrartískunni næsta vetur ef marka má Dior.

Götutískan í kringum tískuvikuna þykir alltaf mjög spennandi og ljósmyndarar flykkjast að til að mynda fyrirsætur, bloggara og aðra áhugasama um tísku. Þetta fólk hefur heldur ekkert á móti athyglinni og klæðir sig gjarnan mjög áberandi.

Sýning Dior vakti mikla athygli en flest stóru tískumerkin eru meðal sýnenda. Einnig má sjá sýningar minni þekktra hönnuða og eru margir spenntir fyrir þeim.

# Hægt að kaupa kjól Gaga

Lady Gaga sló í gegn á Óskarnum í kjól frá Brandon Maxwell. Gaga fór heim með styttu fyrir besta lagið og flutningur hennar og Bradleys Cooper á verðlaunalaginu Shallow úr myndinni A Star Is Born hefur notið fádæma vinsælda. Kjóllinn setti svo punktinn yfir i-ið.

Og nú er kjóllinn til sölu. Þessi fallegi ermalausi satínkjóll kostar rétt rúmlega sex þúsund evrur sem gera um 800 þúsund krónur.

**Þessi fallegi ermalausi satínkjóll kostar rétt rúmlega sex þúsund evrur sem gera um 800 þúsund krónur.**

Það þarf að borga helminginn fyrir fram og svo afganginn þegar hann er afhentur.

Maxwell vann lengi með Gaga en sleit sig frá Haus of Gaga í fyrra. Þá hafði hann verið í rúman áratug á bak við útlit hennar. Gaga telur hann einn af sínum bestu vinum og fannst ekki nema sjálfsagt að snúa sér til Maxwells þegar kom að því að velja eitthvað tímalaust fyrir hátíðina samkvæmt Vogue.



Lady Gaga á Óskarnum í kjólnum umtalaða. NORDICPHOTOS/GETTY



## Bílar & Farartæki

BRAUT BÍLASALA



**GLÆSILEGUR HYBRID FLOTT BÚINN**

TOYOTA C-hr c-hic hybrid leður Árgerð 2018 ekinn 1 Þ.KM bensín sjálfskiptur ásett verð kr 4.690.000.- tilboð 4.190.000. Rnr.106817. Frítt að skrá á bilabraut.is mikil sala verið velkomin !



MERCEDES-BENZ Atego 1024l Árgerð 2018 ekinn 1 Þ.KM dísel, 6 gírar. Verð 12.990.000. Rnr.110025. Frítt að skrá á bilabraut.is mikil sala verið velkomin !

**Bíldshöfði 3**
**S. 587 6600**
**Bilabraut.is**
**bilabraut@bilabraut.is**

BÍLABORG.IS



LAND ROVER DISCOVERY 5 SE 08/2018, ek. 4 Þ.KM, dísel 240 hö, sjálfskiptur, loftpúðafjöðrun, glerþak, krókur ofl. Fleiri litir í boði. Verð 9.990 þús Rnr.111933. Eigum líka 2017 bíla verð frá 7990 þús.!

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26,**
**112 Reykjavík Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

## Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**

Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

## Varahlutir

Ljósboginn ehf.

Altenatorar & Startarar



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

**BÓKHALD**
Vantir þig fyrirtækja aðstoð s.s. Fjármál, sölumál, markaðsmál, starfsmannamál eða almenna fyrirtækjaráðgjöf.
Margra ára reynsla í fyrirtækjarekstri.
**Hafðu samband í síma 8211000 Guðlaugur eða laugim66@gmail.com**
**Kynntu þér málið.**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

www.ils.is    569 6900    9–16

# Bygginga- eða byggingatækni-fræðingur

Íbúðalánasjóður

*Vegna aukinna verkefna leitar Íbúðalánasjóður nú að öflugum liðsauka til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu sjóðsins á sviði rannsókna, greininga og stefnumótunar húsnæðismála á Íslandi.*

*Hlutverk Íbúðalánasjóðs er að stuðla að stöðugleika á húsnæðismarkaði og tryggja almenningi aðgengi að viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem er til eignar eða leigu. Íbúðalánasjóður annast stjórn og framkvæmd húsnæðismála og er ráðgefandi fyrir ráðherra og önnur stjórnvöld.*

## Sérfræðingur á greininga- og áætlanasviði

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sérfræðings til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu sjóðsins á sviði greininga og áætlana í húsnæðismálum.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið**

- Mat á hagkvæmni nýbygginga og raunhæfni kostnaðaráætlana við nýbyggingar og endurbætur á íbúðum, m.a. í tengslum við úthlutun stofnframlaga og veitingu leiguíbúðalána til óhagnaðardrifinna leigufélaga
- Mat á hagkvæmni mismunandi byggingaraðferða og misvægi byggingarkostnaðar eftir landsvæðum
- Úttektir á framkvæmdum við veitingu leiguíbúðalána
- Greiningar, kynningar og greinarskrif á sviði húsnæðismála
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði húsnæðismála

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði byggingafræði, byggingatæknifræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsnám er kostur
- Brennandi áhugi á húsnæðismálum
- Mikil færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, metnaður, góðir skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum og miklir hæfileikar til að starfa í hópi

**Nánar**

Um fullt starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skila á www.starfatorg.is og þar má nálgast nánari upplýsingar um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2019**




**Toyota Auris Terra**
Nýskráður 5/2011, ekinn 98 þús.km., dísel, beinskiptur.
Ásett kr. 1.390.000
Tilboð kr. 990.000
Allt að 100% fjármögnun í boði




**Honda CR-V Comfort**
Nýskráður 10/2012, ekinn 94 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 2.390.000
Tilboð kr. 1.990.000
Allt að 100% fjármögnun í boði




**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 4/2017, ekinn 30 þús.km., bensín, sjálfskiptur, glæný heilsársdekk.
Ásett kr. 2.290.000
Tilboð kr. 1.990.000
kr. 25.931 á mán. í 84 mán.




**Honda Civic Comfort**
Nýskráður 6/2017, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur, glæný heilsársdekk.
Ásett kr. 2.790.000
Tilboð kr. 2.430.00
kr. 31.629 á mán. í 84 mán.




**Honda CR-V Executive dísil**
Nýskráður 4/2017, ekinn 30 þús.km., dísel, sjálfskiptur, Honda verksmiðjuábyrgð.
Ásett kr. 4.990.000
Tilboð kr. 4.390.00
kr. 57.011 á mán. í 84 mán.

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

**RAFVIRKI**
Vantar þig rafvirkja strax í smáverk Gvendarbás ehf. - S. 853 1199

## Önnur þjónusta



VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ. Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu. Tímapantanir í síma 864-1273

# Keypt & Selt

## Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**Tækniskólinn** skóli atvinnulífsins

**Erum að byrja með smáskipa- og skemmtibátanámskeið sem standa frá 18. mars til 27. apríl 2019.**
Skráning og nánari upplýsingar í símum 514 9602 og 665 1100 og einnig á þessum slóðum:
https://tskoli.is/namskeid/smaskipanamskeid/
https://tskoli.is/namskeid/skemmtibatanamskeid/

# Atvinna

## Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
**PROVENTUS** Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is




## Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Kristinn R. Ólafsson verður með fyrirlestur á tapaskvöldinu um Spán og spænska menningu. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendanámskeið:**
Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00
Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

**Framhaldsnámskeið spænska II.**
Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:30 - 15:00

**Framhaldsnámskeið spænska III:**
Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

**Framhaldsnámskeið spænska IV:**
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30




**Námskeiðin hefjast 4. og 5. mars 2019.**
Verð á mann er 32.000 kr.
**Upplýsingar í síma 698 5033** eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com
*Facebook:* Spænskuskólinn Háblame
*Instagram:* spaenskuskolinn_hablame

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**Bílvogur eh/f**
Bifreiðaverkstæði Auðbrekka 17 200 Kópavogi
Láttu okkur gera bílinn kláran í vetraraksturinn.
Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.
Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**



TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 68 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**



**Dáleiðsla**
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.
Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

EYJALIND **Varahlutir í VOLVO**
- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**
**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar: facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**
**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**
Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com
HÖFÐABÓN

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

4BLS KIPPA ÚT :)

# HJÁ OKKUR

## LANDSINS AF ÖLLU FYRIR TÖLVUNA



27" IPS FHD
Edge to Egde Slim Bezel

24" IPS FHD
Edge to Egde Slim Bezel

BenQ



FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 49.990

GAMING

24" 144Hz FHD
1920x1080, 1ms, Black eQualizer

ZOWIE
a brand by BenQ

**BENQ GW2480**

Glæsilegur IPS skjár með örþunnan ramma og enn betri myndgæði með sjálfvirkan birtuskynjara

**19.990**

Lúxus BenQ skjár með örþunnum skjáramma

**BENQ GW2780**

Ultra þunnur rammi og IPS tækni með sjálfvirkan birtuskynjara sem skilar fullkominni mynd

**29.990**

Lúxus BenQ skjár með örþunnum skjáramma

**ZOWIE XL2411P**

144Hz leikjaskjár sem atvinnuspilarar velja með Game Mode stillingar frá frægum leikjaspilurum

**39.990**

24" 144Hz leikjaskjár með Black eQualizer



FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 19.990

LACIE



FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 24.990

GIGABYTE



Full HD 1080p

300" DLP FHD
1920x1080, 3300 ANSI birta

BenQ

**2TB LACIE PORSCHE**

Nettur ferðaflakkari með hröðu USB-C 3.1 tengi

**17.990**

**512GB SSD NVMe**

GIGABYTE SSD NVMe M.2 diskur með 3 ára ábyrgð

**19.990**

**BENQ MH535 FHD**

Hljóðlátur FHD skjávarpi með 15.000 tíma lampa

**99.990**



FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 9.990

**1TB FLAKKARI**

Fisléttur Armor A75 USB 3.0 flakkari

**7.990**



**2TB ULTRA SLIM**

Seagate Backup Plus ferðaflakkari

**14.990**



**240GB SSD**

Hraðvirkur 240GB SATA3 diskur

**7.990**



10.000mAh
ALLT AÐ 40 TÍMA HRAÐHLEÐSLA USB A & C

**FERÐARAFHLAÐA**

10.000mAh hraðhleðsla USB A & C

**9.990**



2019 ÚTGÁFAN 4K HDR

**SJÓNVARPSTÖLVA**

MI BOX S 4K HDR, innbyggt Chromecast

**16.990**

• Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# LEIKJADEILDIN

## PRÓFAÐU ALLAR VR GRÆJURNAR Í HALLARMÚLA




**GAMING 3**

Ný kynslóð GIGABYTE leikjaturna með 6 kjarna örgjörva og GTX 1660Ti ofur öflugu leikjaskjákorti

**199.990**

**Öflugur leikjaturn með GTX1660 leikjaskjákorti**




**ACER NITRO 5**

Ný og öflugri kynslóð með 144Hz leikjaskjá, baklýstu lyklaborði og VR Ready leikjaskjákorti

**169.990**

**Carbon Fiber laser skel og 144Hz leikjaskjár!**




**HELIOS 300**

Acer Predator kemur í Metal ramma með i7 öflugum 6 kjarna örgjörva og 144Hz leikjaskjá

**269.990**

**6 kjarna leikjaskrímsli með 144Hz leikjaskjá!**




**6GB RTX 2060 OC**

Nýjasta kynslóð öflugri skjákorta á verði frá:

**69.990**




**YEAR OF THE DOG**

Einstök útgáfa, aðeins 2018 eintök framleidd

**29.990**




**GXT707 RESTO**

Hágæða leikjastóll með PU-Leðri og Elastic efni

**29.990**




**TRUST LEIKJASETT**

Leikjalyklaborð, mús og heyrnartól

**14.990**




**ZOWIE LEIKJAMÝS**

Alvöru leikjamýs fyrir alvöru spilara

**12.990**




**STREAM HLJÓÐNEMI**

TRUST EMITA STREAMING HLJÓÐNEMI

**14.990**




**HEYRNARTÓL**

RIG 500 PRO alvöru leikjaheyrnartól

**14.990**



**BATTLE DRÓNAR**

Star Wars drónar með laser keppnisham

**9.990**

**Opnunartímar**
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900


FJÄLL RÄVEN
NÁTTÚRAN BÍÐUR
EFTIR ÞÉR
Verslun Laugavegi 67 — Sími: 519 60 55

# Öflug vörn skilaði jafntefli

Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta gerði markalaust jafntefli gegn Kanada í fyrsta leik sínum á Algarve-mótinu í gær. Varnarleikur Íslendinga var í fínu lagi en fara þarf yfir uppspil og sóknaruppbyggingu.



Sif Atladóttir hefur góðar gætur á Nichelle Prince í leik Íslands og Kanada á Algarve-mótinu. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Ísland mætti afar öflugu liði Kanada í fyrsta leik liðanna á Algarve-mótinu í gær. Leikið var við góðar aðstæður á Spáni og fínt tempó var í leiknum. Íslenska liðið átti í vök að verjast í leiknum þar sem Kanada var meira með boltann og leikmönnum íslenska liðsins gekk nokkuð illa að halda boltanum innan liðsins og byggja upp álitlegar sóknir.

Það jákvæða sem íslenska liðið getur tekið með sér úr þessum leik er öflugur og vel skipulagður varnarleikur. Í markinu minnti Sandra Sigurðardóttir svo sannarlega á sig í baráttunni um markmannsstöðuna í undankeppni EM 2021 með einkar góðri frammistöðu. Hún varði tvisvar meistaralega þegar Kanada komst í góð færi.

Þá lék Dagný Brynjarsdóttir sinn fyrsta landsleik frá því í október árið 2017. Þegar hún kemst í sitt fyrra form er kominn frábær uppspilspunktur milli miðju og sóknar íslenska liðsins.

Þetta var annar leikur Íslands síðan Jón Þór Hauksson og Ian David Jeffs tóku við stjórnartaumunum hjá liðinu en íslenska liðið bar sigurorð af Skotlandi í frumraun sinni í janúar. Skoska liðið er einmitt andstæðingar íslenska liðsins í næsta leik liðsins á mánudaginn. Ísland leikur svo lokaleik sinn á mótinu þegar leikið verður um sæti 6. mars.

Skagamærin Hallbera Guðný Gísladóttir varð í gær sú áttunda sem nær hundrað leikjum fyrir íslenska landsliðið. Hallbera lék allan leikinn og var ánægð með úrslitin þegar Fréttablaðið heyrði í henni eftir leikinn.

„Ég er mjög sátt, þetta eru flott úrslit gegn jafn öflugu liði og Kanada. Við vorum ekki alveg nægilega skarpar í fyrri hálfleik, vorum örlítið stressaðar eins og oft í byrjun leikja og héldum fyrir vikið boltanum illa. Við töluðum saman í hálfleik, leikmenn og þjálfarateymið og okkur tókst að laga þetta fyrir seinni hálfleikinn,“ sagði Hallbera og bætti við:

„Við vorum búin að fara vel yfir það hvað þær vildu gera fyrir leik og gerðum mun betur í að loka á það í seinni hálfleik. Þótt að þær hafi verið meira með boltann þá fannst mér þær ekkert liggja á okkur í seinni. Manni leið ekki eins og við værum í nauðvörn.“

Hallbera sagði það ekkert nýtt að það væri hrollur í íslenska liðinu á fyrstu mínútum leiksins.

„Við viljum bæta spilamennskuna þegar við erum að spila gegn sterkustu liðum heims. Það er ljóst að við getum barist og hlaupið endalaust en það hefur oft vantað að vera rólegri á boltanum, sérstaklega í byrjun leikja og við ætlum okkur að bæta úr því. Það er hvatning fyrir okkur að ná úrslitum gegn Kanada þótt þetta hafi verið æfingaleikur. Það sýnir okkur að við getum haldið hreinu í hvaða leik sem er.“ Hún hrósaði starfsteymi landsliðsins fyrir aðstoðina í undirbúningnum.

„Við höfum yfirleitt komið degi fyrr þegar við höfum keppt í Algarve-mótinu og það var skrýtið að koma og fá bara eina æfingu fyrir leik. Fyrir vikið þurftum við strax að byrja að hugsa um leikinn en við erum með gott teymi í kringum liðið og mættum klárar til leiks þrátt fyrir átján tíma ferðalag á mánudaginn.“

Undirbúningurinn hjá kanadíska liðinu var heldur betri.

„Kanada var búið að vera hérna í æfingabúðum í rúma viku fyrir leikinn gegn okkur. Miðað við allt getum við verið sáttar við þetta þótt við vitum að við eigum helling inni.“

Hallbera var skiljanlega stolt af því að ná hundrað leikjum fyrir íslenska landsliðið.

„Ég er ofboðslega stolt af þessu afreki því þetta er mikill heiður. Ég átti ekkert endilega von á þessu þegar ég kom inn í landsliðið en líkaminn hefur haldið vel.“

**kristinnpall@frettabladid.is**

### Algarve-mótið

**Kanada 0-0 Ísland**
(0-0)

**Byrjunarlið Íslands (4-2-3-1):** Sandra Sigurðardóttir; Ingibjörg Sigurðardóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Sif Atladóttir (65. Anna Björk Kristjánsdóttir), Hallbera Gísladóttir; Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Sara Björk Gunnarsdóttir; Agla María Albertsdóttir (84. Dagný Brynjarsdóttir), Elín Metta Jensen (65. Rakel Hönnudóttir), Selma Sól Magnúsdóttir (74. Ásta Eir Árnadóttir); Berglind Björg Þorvaldsdóttir (65. Svava Rós Guðmundsdóttir).

**100.** landsleik sinn lék Hallbera Gísladóttir í gær.

**60.** landsleik sinn lék Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir.

**1.** landsleik sinn lék Ásta Eir Árnadóttir.




# Fallslagur á Nesinu



Einar Jónsson, þjálfari Gróttu og fyrrverandi þjálfari Fram.

**HANDBOLTI** Sautjánda umferð Olís-deildar karla hefst í kvöld með fjórum leikjum.

Mikið verður undir á Seltjarnarnesinu þar sem botnlið Gróttu tekur á móti Fram sem er í 10. sæti deildarinnar. Aðeins eitt stig skilur liðin að. Fram vann Akureyri, 26-28, í síðustu umferð en það var fyrsti sigur liðsins frá 25. nóvember á síðasta ári. Grótta tapaði hins vegar fyrir Haukum, 25-21, á útivelli í síðustu umferð.

Grótta vann fyrri leikinn gegn Fram, 20-24. Frammarar verða því að vinna fimm marka sigur í kvöld til að ná yfirhöndinni í innbyrðis viðureignum liðanna.

Akureyri, sem er í ellefta og næstneðsta sæti deildarinnar með átta stig, sækir Íslands-, bikar- og deildarmeistara ÍBV heim. Akureyringar bíða enn eftir sínum fyrsta sigri undir stjórn Geirs Sveinssonar sem tók við liðinu um áramótin. Eyjamenn eru í 6. sæti deildarinnar.

Haukar, sem hafa unnið fjóra leiki í röð, geta aukið forskot sitt á toppnum í þrjú stig með sigri á Stjörnunni sem er sigurlaus í síðustu fimm leikjum sínum.

Þá mætast ÍR og KA í Breiðholti. KA-menn eru með 13 stig í 8. sætinu en ÍR-ingar í því níunda með tólf stig. Fyrri leikur liðanna fór 25-25. Stigin tvö sem í boði eru í kvöld eru því afar dýrmæt í baráttunni um sæti í úrslitakeppninni. **– iþs**

## Nýjast

### Domino's-deild kvenna

**KR - Haukar 72-75**
**Stigahæstar:** Vilma Kesanen 25, Kiana Johnson 18/12 fráköst, Orla O'Reilley 15 - Þóra Kristín Jónsdóttir 19/10 fráköst, Eva Margrét Kristjánsdóttir 17.

**Skallagrímur - Valur 59-89**
**Stigahæstar:** Shequila Joseph 25/11 fráköst, Árnína Lena Rúnarsdóttir 13 - Bergþóra Holton Tómasdóttir 22, Guðbjörg Sverrisdóttir 18, Heather Butler 18.

**Snæfell - Breiðablik 93-56**
**Stigahæstar:** Kristen Denise McCarthy 29/13 fráköst/10 stoðs, Berglind Gunnarsdóttir 15 - Ivory Crawford 19, Sanja Orazoci 12, Ragnheiður Björk Einarsdóttir 11.

**Stjarnan - Keflavík 80-58**
**Stigahæstar:** Danielle Victoria Rodriguez 29/10 stoðs., Bríet Sif Hinriksdóttir 20 - Birna Valgerður Benónýsdóttir 19, Brittany Dinkins 12/13 fráköst.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 32 | Stjarnan | 26 |
| Keflavík | 32 | Haukar | 16 |
| KR | 30 | Skallagr. | 12 |
| Snæfell | 26 | Breiðablik | 2 |

### Enska úrvalsdeildin

**Arsenal - Bournemouth 5-1**
1-0 Mesut Özil (4.), 2-0 Henrikh Mkhitaryan (27.), 2-1 Lys Mousset (30.), 3-1 Laurent Koscielny (47.), 4-1 Pierre-Emerick Aubameyang (59.), 5-1 Alexandre Lacazette (78.).

**Southampton - Fulham 2-0**
1-0 Oriel Romeu (23.), 2-0 James Ward-Prowse (40.).

**Chelsea - Tottenham 2-0**
1-0 Pedro (57.), 2-0 Kieran Trippier, sjálfsm. (85.)..

**C. Palace - Man. Utd. 1-3**
0-1 Romelu Lukaku (33.), 0-2 Lukaku (52.), 1-2 Joel Ward (66.), 1-3 Ashley Young (83.).

**Liverpool - Watford 5-0**
1-0 Sadio Mane (9.), 2-0 Mane (20.), 3-0 Divock Origi (66.), 4-0 Virgil van Dijk (80.), 5-0 van Dijk (83.).

**Man. City - West Ham 1-0**
1-0 Sergio Aguero, víti (59.).

# Áfram í 50. sæti heimslistans

**KÖRFUBOLTI** Íslenska körfuboltalandsliðið karlamegin stendur í stað í 50. sæti styrkleikalista FIBA sem var uppfærður eftir síðasta landsleikjahlé um helgina eftir tvo leiki Íslands í undankeppni EuroBasket.

Íslenska liðið vann geysiöruggan 27 stiga sigur á Portúgal í fyrri leiknum í þessu landsleikjahléi en tapaði seinni leiknum gegn Belgíu með sambærilegum mun. Af Evrópuþjóðunum er Ísland í 28. sæti, einu sæti fyrir ofan Svíþjóð.



Andstæðingar Íslands á næsta stigi undankeppninnar fyrir EuroBasket, Portúgal og Sviss, eru fyrir neðan Ísland á styrkleikalistanum. Portúgal sem Ísland mætti á dögunum er í 62. sæti og Sviss í 65. sæti. **– kpt**



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
19.999
Háþrýstidæla 1650W
9.999
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
79.995
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Ruslapokar 10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Skóflur
frá 995
Frábært úrval af dragböndum/ ströppum
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC 1200W
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

## Merkisatburðir

**1794** Kristjánsborgarhöll brennur í fyrsta sinn.

**1913** Fyrsti íslenski hárgreiðslumeistarinn, Kristólína Kragh, opnar stofu í Reykjavík.

**1920** Þilskipið Valtýr ferst fyrir sunnan land og með því 30 manns. Valtýr var mikið aflaskip.

**1941** Belgíska flutningaskipið Persier strandar á Dynskógafjöru suðaustur af Hjörleifshöfða. Skipið næst á flot um miðjan maí og er dregið til Reykjavíkur.

**1950** Clam, breskt olíuskip, ferst við Reykjanes. Björgunarsveit frá Grindavík bjargar 23 mönnum en 27 skipverjar farast. Flestir þeirra voru kínverskir.



†

Ástkær eiginmaður minn,
**Gylfi Thorlacius**
hæstaréttarlögmaður,
sem lést á Landspítalanum 22. febrúar verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni mánudaginn 4. mars kl. 15.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Svala Thorlacius**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
**Finnbogi Höskuldsson**
véltæknifræðingur,
sem lést föstudaginn 22. febrúar verður jarðsunginn mánudaginn 4. mars frá Kópavogskirkju kl. 13.00.

**Hildigunnur Þórðardóttir**
**Rakel Þóra F. Larsen** — **Keld Larsen**
**Ásdís M. Finnbogadóttir** — **Magnús Magnússon**
**og barnabörn.**



†

Ástkær faðir okkar,
**Runólfur Valdimarsson**
rafvirkjameistari,
lést á Landspítalanum 23. febrúar sl. Útför hans fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 4. mars kl. 13.00.

**Valdimar Runólfsson**
**Ingibjörg Runólfsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma
**Elita Benediktsson**
frá Efri-Dálksstöðum, Svalbarðsströnd,
er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Friðrika Stendevad** — **Poul Stendevad**
**Benedikt Kristjánsson** — **Álfheiður Björk Karlsdóttir**
**Jóhannes Kristjánsson**
**og fjölskyldur.**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**séra**
**Sigurður Helgi Guðmundsson**
Norðurbakka 3a, 220 Hafnarfirði,
lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 20. febrúar. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju, Hafnarfirði, mánudaginn 4. mars kl. 13.

**Brynhildur Ósk Sigurðardóttir**
**Sigurður Þór Sigurðarson** — **Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir**
**Margrét Sigurðardóttir** — **Örn Hauksson**
**Vilborg Ólöf Sigurðardóttir** — **Jóhannes Rúnar Jóhannsson**
**og barnabörn.**



**Ásdís Spanó stendur hér á vinnustofu sinni með nokkur verkanna sem eru á sýningunni í Grafíksalnum við Tryggvagötu.**

# Geómetrískt listaspjall um sýningu Ásdísar

**Klukkan fimm í dag býðst gestum að hitta listakonuna Ásdísi Spanó í listamannaspjalli um sýningu hennar „Triangular Matrix" í Grafiksalnum Tryggvagötu 17. Listakonan vinnur með þríhyrningsformið sem finnst bæði út í náttúrunni og borgum.**

**Listakonan Ásdís Spanó býður gestum upp á listamannaspjall milli klukkan 17 og 18 í dag um sýningu hennar „Triangular Matrix" sem nú stendur yfir í Grafiksalnum Tryggvagötu 17. Aðgangur er ókeypis og segir Ásdís að allir séu velkomnir.**

„Ég mun fjalla um sýninguna og aðdraganda hennar en ég er búin að vera að vinna í þessu í þó nokkurn tíma. Ég er svolítið að breyta um stíl þar sem ég er að vinna meira með geómetríu í verkunum. Í þessu spjalli mun ég útskýra hvað það er sem heillar mig við þetta," segir Ásdís.

Hún segist reyna að hafa svona listamannaspjall í kringum hverja sýningu sína. „Fólk getur spurt og þetta verður samtal sem á sér stað. Þarna er tækifæri fyrir fólk sem vill vita meira eða hitta listamanninn."

Í sýningarskránni segir að Ásdís setji í verkum sínum „fram frumspekilegar og óhlutbundnar birtingarmyndir heimsins þar sem tilbúni hluti hans og náttúran lifa hlið við hlið í viðkvæmu en flóknu bandalagi".

> **Það eru beinar línur úti um allt en þær finnast hvergi í náttúrunni nema í sjóndeildarhringnum**

Ásdís segist hafa unnið mikið með borgarlandslag og landslag náttúrunnar. „Ég hef alltaf verið að blanda þessu saman en þarna er ég að vinna þetta aðeins öðruvísi og taka þríhyrningsformið sem finnst bæði í náttúrunni og borgarlandslaginu. Þetta form verður svolítið einkennandi í þessum verkum sem ég er að vinna."

Í gegnum árin hefur Ásdís unnið mikið með láréttar línur í verkum sínum sem er bæði vísun í náttúruna og borgina. „Það eru beinar línur úti um allt en þær finnast hvergi í náttúrunni nema í sjóndeildarhringnum. Út frá því hef ég verið að velta fyrir mér hvort það sé eitthvað form sem sé algengt að sjá á báðum stöðum."

Það sé einmitt áhugavert að þríhyrningsformið finnist víða í náttúrunni til dæmis í kringum fjöll og í jarðlögum. „Þetta er líka geómetrískt form og hægt að finna í listasögunni en líka í borgarlandslagi. Nafn sýningarinnar er dregið úr stærðfræði en Triangular Matrix vísar til þríhyrnings sem er staðsettur inni í ferningi en það er hægt að staðsetja hann á ólíkum stöðum innan ferningsins."

Sýningu Ásdísar lýkur næstkomandi laugardag en hún verður opin milli klukkan 14 og 17.

**sighvatur@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 28. FEBRÚAR 1964:

## Thelonious Monk á forsíðu Time




Á þessum degi árið 1964 komst djasstónlistarmaðurinn Thelonious Sphere Monk á forsíðu Time Magazine en Monk þótti nýstárlegur og náði til margra á þessum tíma. Málverk af Monk prýddi forsíðu Time og inni í blaðinu var viðtal við þennan virta tónlistarmann. Blaðamaðurinn Barry Farrell skrifaði viðtalið og fyrirsögnin var The Loneliest Monk.

Þegar Farrell var að undirbúa forsíðuviðtalið komst hann að því að það var ómögulegt að taka viðtal við Monk.

Viðtalið var því ekki tekið á hefðbundinn máta heldur áttu þeir um 30 stutt samtöl á um tveggja mánaða tímabili. Mörg samtölin áttu sér stað á bar eða á rölti um Manhattan.

Í greininni spurði Farrell Monk út í sérlundina, sem vinir og fjölskylda hans þekktu betur sem geðsjúkdóm sem hann þjáðist af. En Monk sló á létta strengi og kvaðst ekki geta verið geðsjúkur þar sem hann hefði einu sinni verði lagður inn á geðdeild en honum hefði verið sleppt út.

Í greininni lofsamaði Farrell Monk hægri vinstri og sagði frá því hvernig hann hefði blásið nýju lífi í djasstónlistina. Þess má geta að Monk hélt áfram að skapa djasstónlist alveg þar til hann lést í febrúar árið 1982.





# Frumsýnd á morgun

**Sýnd með íslensku, ensku og pólsku tali**

LAUGARÁS BÍÓ BARA LÚXUS · SMÁRA BÍÓ · HÁSKÓLA BÍÓ · ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN · SAMBÍÓIN EGILSHÖLL · BORGAR BÍÓ

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Suðaustan 8-15 sunnan og vestan til en mun hægari vindur norðan og austan til. Víða rigning um landið sunnan- og suðaustanvert, en annars skýjað með köflum. Hiti 0 til 8 stig, mildast syðst og næturfrost í öllum landshlutum.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 0° | 1° |
| ←7 | ←10 | ↓3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 6° | 0° |
| ↓5 | ←11 | ↓4 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -1° | -1° |
| ←4 | ←6 | ↑2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -1° | 2° | -5° |
| ↓11 | ↙3 | ↘5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 1 | 6 | 3 | |
| | 2 | 1 | | | 5 | 4 | | |
| 3 | 8 | 9 | 2 | | | 1 | | |
| 9 | | | | | 7 | | | 5 |
| | 6 | | | | | 7 | 4 | |
| | 5 | | 3 | 6 | | 8 | 1 | |
| 8 | 7 | | 6 | | | | 2 | |
| 2 | | | | | 3 | | | 4 |
| | 1 | | | | 9 | | 7 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 4 | 2 | | | | 6 |
| | | | 5 | 1 | | 3 | | |
| 1 | 3 | | | 7 | 9 | 2 | | |
| 5 | 2 | | | | 1 | | | |
| 3 | | | 8 | | | 1 | | 7 |
| | | 1 | | | 4 | | 3 | |
| | | 3 | 9 | | | | | |
| 7 | | | | | 5 | 6 | | |
| | | | | | 2 | | 5 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 6 | | | |
| | 8 | 3 | | 9 | | | 2 | 7 |
| | 5 | | 7 | | | 1 | 9 | |
| 6 | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | 5 | | | | |
| 3 | | | | | | 8 | | |
| | | | 9 | | | | | |
| | | | 8 | | 1 | 9 | 6 | |
| 8 | 1 | | | 6 | | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 4 |
| 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 5 | 6 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 4 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 3 | 9 | 4 | 7 | 5 | 8 | 1 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 8 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 1 | 7 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 7 | 6 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 4 |
| 3 | 9 | 4 | 6 | 8 | 5 | 2 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 6 | 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 8 |
| 1 | 8 | 9 | 4 | 5 | 3 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 3 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 3 | 2 | 7 | 6 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. skár
5. keyra
6. í röð
8. slaga
10. átt
11. grasey
12. fjögur
13. veiði
15. skrölt
17. þrælkun

**LÓÐRÉTT**
1. afturkippur
2. mælieining
3. efni
4. rákir
7. tabú
9. ráfa
12. fljótræði
14. hamfletta
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** betur, **5.** aka, **6.** áb, **8.** krussa, **10.** sa, **11.** vin, **12.** fern, **13.** afli, **15.** glamur, **17.** ánauð.
**LÓÐRÉTT: 1.** bakslag, **2.** ekra, **3.** tau, **4.** rásir, **7.** bannorð, **9.** sveima, **12.** flan, **14.** flá, **16.** uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Skotorenko átti leik gegn Vladimirov í Sovétríkjunum sálugu árið 1961.

**1. Hxf7+! Bxf7 2. Re6+ Ke8 (2...Kg8 3. Dg7#). 3. Rc7+ 1-0.**

Íslandsmót skákfélaga hefst í kvöld í Rimaskóla með fyrstu deild. Aðrar deildir hefjast á morgun.

**www.skak.is:**
Íslandsmót skákfélaga.

**Hvítur á leik**




# Aðalfundur Ferðafélags Íslands

Aðalfundur Ferðafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 7. mars kl. 20 í sal FÍ Mörkinni 6.

Hefðbundin aðalfundarstörf

**Stjórnin**






**Markaðurinn** ER Á FRETTABLADID.IS

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.

Fylgstu með á frettabladid.is/markadurinn

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook





## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# GOGO SNOW
## ORKUDRYKKURINN

## MÆTTUR Í ALLAR VERSLANIR NETTÓ!




@GOGOICELAND

nettó

Lægra verð – léttari innkaup

# BÍLAR




Mini John Cooper Works GT.

## 300 hestafla Mini Cooper

Lúxusbílaframleiðandinn Mini, sem er í eigu BMW, mun framleiða sinn alöflugasta bíl í formi bíls sem bera mun nafnið Mini John Cooper Works GT og verður hann vopnaður 300 hestafla vél. Aðeins verða framleidd 3.000 eintök af bílnum. Bíllinn verður fyrst sýndur á bílasýningunni New York Auto Show í apríl. Þessi hestaflatala setur bílinn á par við kraftatröll eins og Honda Civic Type R með sín 306 hestöfl en á þó nokkuð land með að ná Ford Focus RS sem er 350 hestöfl. En Mini John Cooper Works GT er þó minni bíll en þessir báðir og ætti því að geta veitt þeim keppni í snerpu og hraða. Vélin í Mini-bílnum verður fjögurra strokka og 2,0 lítra með öflugri forþjöppu.



Bentley Bentayga.

## Heimsins fljótasti jeppi

Eftir að Bentley jók afl 12 strokka Bentayga-jeppans úr 600 í 626 hestöfl lék þeim hjá Bentley forvitni á að vita hvort hann væri með því ekki orðinn hraðskreiðasti fjöldaframleiddi jeppi heims og það reyndist hann einmitt vera. Hann náði 306 kílómetra hraða, en Lamborghini Urus jeppinn hefur verið mældur með hámarkshraðann 305 km/klst. Hins vegar er Lamborghini Urus sneggri á sprettinum og kemst á 100 km hraða á 3,6 sekúndum, en það tekur Bentley Bentayga 3,9 sekúndur, enda er hann þyngri.

Þessi aflaukning vélar Bentayga hefur gert hann 0,2 sekúndum sneggri og með 5 km meiri hámarkshraða. Þessi aflmeiri gerð Bentayga fær nafnið Speed í endann og er enn dýrari en sú hefðbundna. Það þýðir 28,2 milljónir í stað 25,2 milljóna í Bretlandi, en hann væri reyndar mun dýrari hingað kominn enda færi hann í hæsta vörugjaldaflokk.




Það mun muna mikið um 10% hækkun á verði Porsche 911.

# Varar við 10% hækkun vegna Brexit-útgöngunnar

Allir þeir kaupendur í Bretlandi sem pantað hafa Porsche-bíla eftir 18. janúar síðastliðinn hafa fengið bréf frá Porsche þess efnis að ofan á áður tilgreint verð gæti lagst 10% tollur.

Þýski sportbílaframleiðandinn Porsche hefur varað breska kaupendur Porsche bíla við því að bílar þeirra gætu hækkað í verði um 10% við Brexit útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Allir þeir kaupendur í Bretlandi sem pantað hafa Porsche bíla eftir 18. janúar síðastliðinn hafa fengið bréf frá Porsche þess efnis að ofan á áður tilgreint verð gæti bæst við 10% tollur. Þetta gildir þó ekki um þá sem pantað hafa Porsche bíla sína fyrir 18. janúar.

Þessi tilkynning Porsche er langt frá því gleðiefni að sögn forsvarsmanna Porsche en þeir hafi engu að síður neyðst til að tilkynna þetta til þess að kaupendum sé kunnugt um þessa mögulegu hækkun.

### Gæti minnkað mikið sölu

Leiða má getum að því að þetta muni ekki örva söluna á Porsche bílum í Bretlandi, að minnsta kosti þangað til tilkynnt hefur verið um einhvern útgöngusamning sem kveður á um annað og það vonandi tollaleysi til einhvers tíma.

Porsche er fyrsti bílaframleiðandinn sem tilkynnir kaupendum sínum um hvað er í húfi og hvað enginn Brexit samningur gæti þýtt. Búast má við því að aðrir bílaframleiðendur fylgi í kjölfarið og heyrst hafa raddir um það að Volvo muni brátt birta verð á 2020 árgerðum af bílum sínum með 10% hækkun.

**LEIÐA MÁ GETUM AÐ ÞVÍ AÐ ÞETTA MUNI EKKI ÖRVA SÖLUNA Á PORSCHE-BÍLUM Í BRETLANDI, AÐ MINNSTA KOSTI ÞANGAÐ TIL TILKYNNT HEFUR VERIÐ UM EINHVERN ÚTGÖNGUSAMNING.**

# Yfir 40.000 dóu í bílslysum í Bandaríkjunum í fyrra

Þriðja árið í röð létu yfir 40.000 manns lífið í bílslysum í Bandaríkjunum á nýliðnu ári. Góðu fréttirnar eru þó þær að dauðaslysum fækkaði um 1% frá árinu 2017, en slæmu fréttirnar eru þær að 17% fleiri dauðaslys urðu í fyrra en fyrir fjórum árum.

Það er sannarlega umhugsunarefni að með sífellt betri öryggisbúnaði nýrra bíla hafi dauðaslysum í umferðinni fjölgað talsvert frá árinu 2011. Rannsóknir sýna þó að öryggisbúnaður eins og sjálfvirk hemlun kemur í veg fyrir mörg slys, en það er greinilega eitthvað annað sem kemur á móti.

### Farsímanotkun aukið slysin aftur

Aukin umferð í Bandaríkjunum og mikil sala bíla á vafalaust hlut í því en líka farsímanotkun ökumanna sem oftsinnis veldur alvarlegum slysum.

Þá er einnig bent á að sífellt betri afþreyingarkerfi bíla með tengingu við síma taki oft athygli ökumannanna. Þá hefur dauðaslysum á gangandi vegfarendum fjölgað og í mörgum tilvikum er um að ræða fólk á kafi í símanum. Einnig er bent á fjölgun slysa í ríkjum þar sem marijúanareykingar eru leyfðar með lögum.

### Flest dauðaslys árið 1972

Forvitnilegt er að skoða fjölda dauðaslysa í umferðinni í Bandaríkjunum frá upphafi bílaumferðar þar í landi. Fyrstu dauðaslysin voru skráð árið 1899 en þá voru þau 26 en voru orðin 567 strax aldamótaárið 1900, þ.e. árið eftir. Flest dauðaslys í umferðinni voru árið 1972 en þá voru þau 54.589 en fækkaði síðan stöðugt allt til ársins 2011 er þau voru komin niður í 32.479. Síðan þá fjölgaði þeim aftur til ársins 2016 er þau voru skráð yfir 40.000.

Örlítil fækkun hefur orðið á banaslysum síðustu tvö ár og vonandi helst sú þróun áfram.



Fyrsta dauðaslysið í umferðinni í Bandaríkjunum var skráð árið 1899.


ENN HOLLARI OLÍA
það byrjar allt með fjórum fræjum
Lesieur
isio 4
OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN
ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI
4 GRAINES
dont du LIN
Riche en
Oméga 3
VITAMINES D & E
Lesieur
isio 4
ORIGINE FRANCE*

FRÉTTABLAÐIÐ

# MENNING

## Frábært tækifæri

**Í haust syngur Dísella Lárusdóttir stærsta hlutverk sitt í Metropolitan-óperunni til þessa. Syngur í óperu eftir Philip Glass. Er á faraldsfæti þetta árið.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Söngkonan Dísella Lárusdóttir kemur fram í Salnum í viðtalstónleikaröðinni Da Capo, laugardaginn 2. mars klukkan 14. Þar mun Gunnar Guðbjörnsson ræða við hana um feril hennar og hún syngur við píanóundirleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur. „Ég mun syngja þrjár aríur og svo syngur maðurinn minn jafnvel með mér dúett í lokin. Það er gaman að fá að vera í hópi þeirra listamanna sem taka þátt í þessari tónleikaröð,“ segir Dísella.

**Stórt hlutverk á Ítalíu**

Dísella verður á faraldsfæti þetta árið. Í mars liggur leiðin til New York þar sem hún æfir óperu Mozarts La Clemenza di Tito í Metropolitan-óperunni. Dísella þreytti frumraun sína hjá Metropolitan-óperunni árið 2013 og síðan þá hefur hún sungið þar í tíu öðrum óperuuppfærslum, auk þess sem hún hefur verið staðgengill í fjölmörgum öðrum uppfærslum.

„Ég mun svo syngja Persephone, sem er ný ópera eftir Silviu Colasanti sem flutt verður á Spoleto Festival dei due Mondi tónlistarhátíðinni á Ítalíu í sumar. Ég veit lítið um þessa óperu þar sem hún er enn í smíðum. Ég er þarna í stóru hlutverki en vil sem minnst um það tala á þessu stigi þar sem ég hef ekki enn fengið nóturnar,“ segir Dísella.

Í september tekur hún þátt í stórtónleikum hér á landi sem Svala Björgvins og Jóhanna Guðrún eru að undirbúa í Hörpu. „Það er eiginlega ekki tímabært að segja meira í bili en þetta verður tilkynnt nánar síðar. Það má samt segja að þetta verður skemmtilegt og spennandi verkefni sem mun fara fram í Eldborg.“



„Það er gríðarlega mikið að gera á þessu ári.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Stolt af því að vinna þarna**

Í haust liggur svo leiðin aftur til Metropolitan-óperunnar en þá mun Dísella syngja stærsta hlutverk sitt í óperunni þar til þessa. Óperan heitir Akhnaten og er eftir Philip Glass en Dísella mun fara með hlutverk móður Akhatens, Queen Tye. „Þetta er frábært tækifæri, ég er óskaplega þakklát og hlakka afskaplega mikið til,“ segir Dísella. Frumsýning er 8. nóvember og sýningar verða átta talsins.

Spurð hvernig sé að vinna í Metropolitan-óperunni segir hún: „Þetta er besti vinnustaður sem hægt er að hugsa sér. Ég er stolt af því að vinna þarna. Fólkið er dásamlegt, það tekur vel á móti mér og alltaf kynnist ég nýjum listamönnum. Mér líður mjög vel í þessu húsi og það er gaman hversu mörg verkefni ég fæ þarna. Ég finn að ég er vel metin.“

Dísella býr með eiginmanni og tveimur sonum í Grafarvogi. „Ræturnar eru hér á landi, hér vil ég búa, og svo þarf ég stundum að skreppa í mánuð eða kannski tvo. Ég er eins og sjóari,“ segir hún. „Auðvitað er það erfitt en ég held að það taki meira á mig en strákana mína. Maðurinn minn, Bragi Jónsson, er alveg frábær og þetta hefur gengið upp. Við tökum eitt ár í einu. Það er gríðarlega mikið að gera á þessu ári en ég veit ekki hvað gerist eftir það.“




## Tvöfaldur ljóðaverðlaunahafi

Ægir Þór Jahnke vann nýlega fyrstu og önnur verðlaun í ljóðasamkeppni Stúdentablaðsins. Verðlaunaljóðið heitir Slabb og ljóðið sem lenti í öðru sæti nefnist Auðvald og íslenskt veðurfar „Þetta er þriðja ljóðakeppnin sem ég tek þátt í og í þeirri fyrstu, ljóðasamkeppni í Verslunarskólanum, vann ég fyrstu og þriðju verðlaun, þannig að þetta er ekki alveg nýtt fyrir mér. Ég fékk engin verðlaun í næstu ljóðakeppni þannig að ég kann líka að tapa,“ segir Ægir sem er að ljúka við meistararitgerð í heimspeki.

Um verðlaunaljóðið segir hann: „Það er hluti af handriti sem heitir Drabb sem er sería af ljóðum sem tengjast, ekki síst í gegnum veðrabrigði og liti. Í þessu ljóði er ég að fjalla um hnattræna hlýnun og hnignun jarðarinnar en reyni að gera það á skemmtilegan máta.“



Ægir Þór Jahnke verðlaunaskáld er að undirbúa útgáfu á menningartímariti sem á að fá hið frumlega heiti Skandali. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Byrjaði að yrkja í leikskóla**

Hann segist hafa byrjað að yrkja strax í leikskóla. „Ég átti öflugt tímabil við lok grunnskóla og eitthvað fram í menntaskóla en síðan tók við fjögurra ára tímabil þar sem afköstin voru nær engin. Ég datt svo inn í ljóðahóp Fríyrkjunnar sem gaf út þrjú safnrit en ég á efni í því þriðja. Síðustu ár hef ég staðið fyrir einum fimmtán ljóðakvöldum á Gauknum og mér telst til að um það bil 60 skáld séu búin að lesa upp með mér, mörg hver í fyrsta sinn. Mér er hugleikið að koma ungum höfundum á framfæri. Sjálfur er ég að detta út úr því að teljast ungur höfundur, orðinn þrítugur.“

Ægir hefur gefið út eina ljóðabók, Ódýrir endahnútar, sem kom út í lok nóvember. Næsta bók er smárit, langt prósaljóð sem væntanleg er á allra næstu vikum. „Sú bók heitir Þetta er ekki manifestó og er vissulega eins konar manifestó,“ segir hann. Síðan er von á tveimur ljóðabókum sem geyma sigurljóðin tvö og þær koma út í síðasta lagi í haust, önnur mögulega í sumar. Hann gefur þær út sjálfur og segist hafa góða reynslu af sjálfsútgáfu.

> **Slabb**
>
> **40 dagar og 40 nætur**
> **árabátar frá BSÍ á hálftíma**
> **fresti**
> **þú tekur kanó niður Njarðar-**
> **götu út á flugvöll**
> **þaðan gufuskip upp í**
> **Öskjuhlíð.**
>
> **Það styttir upp tímabundið**
> **í júlí**
> **en spáð er næturfrostum frá og**
> **með ágúst**
> **áætlað er að kaupa ísbora**
> **til að flýta fyrir byggingu**
> **borgarlínu.**

**Skandali á leiðinni**

Þessa dagana vinnur Ægir að útgáfu tímaritsins Skandali. „Þetta er menningartímarit sem ég ritstýri í samstarfi við sex aðra einstaklinga sem allir eru upprennandi höfundar, sá yngsti er átján ára, sá elsti þrjátíu og fjögurra ára. Hugmyndin er sú að ritstjórnin sé fjölbreytt og síbreytileg. Þarna verða ekki bara textaverk heldur líka ljósmyndir og menningarrýni. Þetta á að vera allsherjar menningarblað.“ Fjáröflun er í gangi á Karolina fund. „Það er dýrt að gefa út en við vonumst til að ná inn því fjármagni sem þarf,“ segir Ægir. kolbrunb@frettabladid.is

**Í ÞESSU LJÓÐI ER ÉG AÐ FJALLA UM HNATTRÆNA HLÝNUN OG HNIGNUN JARÐARINNAR EN REYNI AÐ GERA ÞAÐ Á SKEMMTILEGAN MÁTA.**



# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 28. FEBRÚAR 2019

**Hvað?** Opnunarhóf Stockfish
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Bíó Paradís
Stockfish film festival fer fram í fimmta sinn dagana 28. febrúar til 10. mars í Bíói Paradís. Opnunardagskrá hefst kl. 18.30 í Bíói Paradís þar sem boðið verður upp á léttar veigar. Gestum er síðan boðið á opnunarmynd hátíðarinnar Brakland, sem er dönsk/íslensk samframleiðsla.

**Hvað?** Valgerður Þorsteinsdóttir
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Petersen svítan
Söngkonan Valgerður Þorsteinsdóttir og píanóleikarinn Pálmi Sigurhjartarson syngja og leika í Petersen svítunni fimmtudagskvöldið 28. febrúar kl. 21.00. Gestir Petersen svítunnar fengu forsmekk af dagskrá þeirra rétt fyrir jólin 2018 þar sem þau fluttu jólalög í bland við almenn alþýðulög og er óhætt að segja að dúettinn hafi slegið á hjartans strengi fyrir gesti svítunnar. Nú koma þau og flytja klassískar perlur, nýgild popplög og sínar eigin tónsmíðar og texta.

**Hvað?** Ný farandsýning Sirkuss Íslands
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Hlaðan, Gufunesbæ, Reykjavík
Sirkus Íslands mun í vikunni frumsýna nýja sýningu sem hefur verið í vinnslu í vetur. Sýningin er þó ekki sýnd í sirkustjaldinu Jöklu eins og undanfarin sumur, heldur setjum við stefnuna á félagsheimili og íþróttasali um land allt. Þetta er enn eitt skrefið í að gera Sirkus Íslands að sirkus allra landsmanna. Fyrsta sýningin er í Gufunesbæ, Reykjavík, fimmtudaginn 28. febrúar, en næstu sýningar verða strax helgina eftir á Borgarnesi og Ólafsvík. Sýningin dregur innblástur úr hinum klassíska sirkus, með þær steríótýpur og ýkjur sem þaðan þekkjast, en með nýstárlegu tvisti.

**Hvað?** Sycamore Tree á Bryggjunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús
Í kjölfar mikillar útvarpsspilunar og velgengni fyrstu plötu sinnar hefur Sycamore Tree haldið fjölmarga tónleika síðasta árið. Dúettinn hefur sannað sig sem einn af allra fremstu tónleikasveitum landsins og þykir draumheimurinn sem þau Ágústa Eva og Gunni Hilmars skapa einstakur og tónleikar þeirra eru mikið ferðalag fyrir áhorfandann. Nú er komið að því að dúettinn spili í fyrsta sinn á Bryggjunni brugghúsi. Þau munu spila eldra efni ásamt efni af væntanlegri plötu sinni og segja sögur um lögin og fleira.


Dúettinn Sycamore Tree spilar í fyrsta sinn á Bryggjunni brugghúsi í kvöld. Þau munu spila efni af væntanlegri plötu sinni ásamt eldra efni.

**Hvað?** Opinn fundur með Kristjáni Þór
**Hvenær?** 12.00 – 13.30
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra boðar til hádegisfundar í Þjóðminjasafninu á fimmtudag kl. 12.00 til að ræða frumvarp um innflutning á ófrystu kjöti og stöðu landbúnaðarins almennt. Fundurinn er öllum opinn.

**Hvað?** Harðkjarni á Húrra
**Hvenær?** 20.00 – 24.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu 22
Þann 28. febrúar verður sannkölluð harðkjarna pönkveisla á Húrra Dansbar. Fram koma. xGADDAVÍRx, ROHT, Dead Herring og Grit Teeth. 1.000 kr. við innganginn. Mætið, dansið, farið í pitt.






## Þjóðleikhúsið — 551 1200 • leikhusid.is

### Ronja Ræningjadóttir — Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun. 03.03 | kl. 13:00 | U | Sun 24.03 | kl. 13:00 | U | Sun 14.04 | kl. 13:00 | U | Sun. 12.05 | kl 13:00 | U |
| Sun 03.03 | kl. 16:00 | U | Sun 24.03 | kl. 16:00 | U | Sun 14.04 | kl. 16:00 | U | Sun. 12.05 | kl. 16:00 | Ö |
| Sun 10.03 | kl. 13:00 | U | Sun 31.03 | kl. 13:00 | U | Sun 28.04 | kl 13:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 13:00 | |
| Sun 10.03 | kl. 16:00 | U | Sun 31.03 | kl. 16:00 | U | Sun 28.04 | kl. 16:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 16:00 | |
| Sun 17.03 | kl. 13:00 | U | Sun 07.04 | kl. 13:00 | U | Sun 05.05 | kl. 13:00 | Ö | | | |
| Sun 17.03 | kl. 16:00 | U | Sun 07.04 | kl. 16:00 | U | Sun 05.05 | kl. 16:00 | U | | | |

### Einræðisherrann — Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 02.03 | kl. 19:30 | Ö | Lau. 09.03 | kl 19:30 | U | Fös. 29.03 | kl 19:30 | Ö |
| Fös. 08.03 | kl 19:30 | U | Lau.23.03 | kl 19:30 | Ö | Fös. 05.04 | kl 19:30 | |

### Jónsmessunæturdraumur — Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
